



FRÉTTABLAÐIÐ



Mikið var drukkið af vönduðum veigum í Gamla Bíó í gær. Þar fór fram Íslandsmeistaramót barþjóna sem er hluti af hátíðinni Reykjavík Cocktail Weekend sem Barþjónaklúbbur Ísland heldur á hvert. Keppt var í tveimur greinum og var mótið vel sótt, að sögn Elnu Mariu Tómasdóttur, sem situr í stjórn Barþjónaklúbbsins. Hátíðin stendur til 10. apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segir afskipti stjórnmalamanna af Geirfinnsmálinu algerlega óþolandi

Einn fjórmenninganna sem sátu yfir 100 daga í gæsluvarðhaldi í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum gagnrýnir harðlega aðkomu stjórnmalamanna að bótum til þeirra sem komu þeim í fangelsi með röngum sakargiftum.

DÓMSMÁL Magnús Leópoldsson, einn fjórmenninganna sem upprunalegir dómþolar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu beittu röngum sakargiftum með þeim afleiðingum að þeir sátu að ósekju í gæsluvarðhaldi í yfir 100 daga árið 1976, segir það þungbært fyrir þá að horfa upp á að fólkíð sem dregið hafi þá saklausa inn í málið fái nú „greiddar himinháar bætur, án þess að fyrir liggi niðurstaða Hæstaréttar um hvort og

hvað þá hvaða áhrif sök þeirra eigi að hafa á bótagreiðslur.“ Hann hafi það á tilfinningunni að verið sé að greiða bætur fyrir að bera á þá rangar sakir. Magnús segir „afskipti stjórnmalamanna af þessu máli, fyrr og síðar, vera algerlega óþolandi og hafa valdið miklum skaða.“

Og Magnús segir þar ekkert lát á. „Það er vægast sagt einkennilegt að sumir stjórnmalamenn skuli hafa frumkvæði að því að greiða þessu fólki bætur án þess að fyrir liggi dómur eða endanlegt samkomulag um uppgjör málsins. Stjórnmalamenn eiga ekki að blanda sér í úrlausn dómsmála eða reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna.“

Þá sé það undarleg hagsmunagæsla fyrir hönd rikissjóðs að ákveða að áfrýja ekki nýlegum héraðsdómi í



Magnús Leópoldsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

máli Erlu Bolladóttur. „Í mínum huga er ekki hægt að kveða þetta mál úr íslensku samfélagi hvað bætur varðar án endanlegs dóms Hæstaréttar,“ segir Magnús Leópoldsson.

Hann er ómyrkur í máli gagnvart upprunalegu dómþolonum. Þeir beri fulla ábyrgð á því að afvega-

leiða rannsóknina á sínum tíma, en í dómnum yfir þeim frá 1980 vidurkenni þeir að það hafi verið samantekin ráð að bendla Magnús, Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn heitinn Eiríksson við málið til að torvela rannsókn þess, færi svo að upprunalegu dómþolarnir yrðu bendlaðir við það. Hugmyndin hafi verið að þá myndi rannsóknin beinast frá þeim.

„Þetta fólk gerði af einhverjum ástæðum fyrir fram ráð fyrir að það yrði spurt út í Geirfinnsmálið og sammæltist um það að draga okkur saklausa inn í þetta mál, væntanlega til þess að dylja eigin glæpi,“ segir Magnús.

Himinháar bótagreiðslur í þessu ljósi séu eftirlifandi fjórmenningum mjög þungbærar. SJÁ SIÐU 10

Ekki einu sinni hugleitt afsögn

ÚKRAÍNA „Við höfum verið að skoða þessi mál og fylgst með en ekki tekið neina ákvörðun,“ segir Einar Einarsson, rekstrarstjóri Íseyjar hjá MS, spurður um hvort til standi að rifta samningum við Rússa.



Ólafur Ágúst Andrésson

Kaupfélag Skagfirðinga, MS og KS, hafa ekki rift samningum við rússneska aðila um framleiðslu, sölu og dreifingu á Ísey skyri í Rússlandi.

Forstöðumaður kjötafurdastöðvar KS, Ólafur Ágúst Andrésson, sem er kjöræðismaður Rússlands á Íslandi hefur ekki sagt sig frá þeirri stöðu. „Ég hef nú ekki einu sinni hugleitt það,“ segir Ólafur Ágúst. SJÁ SIÐU 2

Mmm ...
Allt í brönsinn!

Ódýrt

KRÓNAN



Gamla kirkjan í Grindavík, reist 1909 og afhelguð 1982. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hjón vilja kaupa gömlu kirkjuna

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Hjónin Kristín Matthíasdóttir og Kristinn S. Jórmondsson vilja kaupa gömlu kirkjuna í Grindavík.

Hjónin sátu bæjarráðsfund á þriðjudag og kynntu hugmyndir sínar um aukna starfsemi í gömlu kirkjunni með hugsanleg kaup í huga. Var Fannari Jónassyni bæjarskjóra falið að vinna málið áfram. Ekki náðist í hann í gær.

Kristinn vildi lítið tjá sig um hugsanleg kaup þegar Fréttablaðið sló á þráðinn. „Þetta er svona bara í bígerð. Nú er bara að biða og sjá,“ segir hann. Nú fær hugmyndin að malla í kerfinu.

Gamla kirkjan var reist árið 1909. Var byggingarefnið að hluta til fengið úr gömlu kirkjunni að Stað sem byggð var 1858. Kirkjan þjónaði Grindvíkingum til 1982 þegar núverandi kirkja þeirra var tekin í notkun.

Frá 1988 var starfrækt barnaheimili í kirkjunni en þar hefur verið félagsstarfsemi undanfarin ár. ■

Hlusti á kveinstafi miðbæjarbúa



Íbúafundur fyrir miðbæjarbúa var í Ráðhúsi Reykjavíkur í gærkvöld. Hannesar Sigurðsson segir í Fréttablaðinu í dag að framganga næturklúbba í miðborginni sé „ekki annað en hljóðþyngingar, hreint ofbeldi, í boði borgarinnar sem lætur kveinstafi íbúanna sem vind um eyru þjóta.“ SJÁ SÍÐU 18 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Létu íbúana grafa eigin gröf í Bútsja

bth@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Engar vonir eru um frið eða vopnahlé að mati þeirra íbúa Úkraínu sem Óskar Hallgrímsson, ljósmyndari í Kænugarði, hefur rætt við.

Þetta kom fram í viðtali við Óskar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gærkvöld.

Stríðsglæpir, nauðganir, aftökur og annar hryllingur eru daglegt brauð hjá rússneska hernum að sögn Óskars. Hann heimsótti Bútsja í fyrradag og ræddi við heimamenn. Hann segir að íbúar, börn, konur og gamalmenni hafi sjálf þurft að grafa eigin fjöldagrafir áður en fólkið var skotið.

Óskar á úkraínsku eiginkonu og segist ekki á leið til Íslands. Þau hjónin veiti hvort öðru styrk sem vonandi dugi þeim til að halda sönsum. ■



Óskar ljósmyndari í Bútsja, sem líkja má við brunarústir að hans sögn.

MYND/ADSEND

Rússar geta enn bragðað á Ísey skyri þrátt fyrir stríðið

Samningum MS og KS við rússneska aðila um framleiðslu og sölu á Ísey skyri í Rússlandi hefur ekki verið rift. Kjöræðismaður Rússlands á Íslandi hefur heldur ekki sagt af sér tigninni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Mjólkursamsalan og Kaupfélag Skagfirðinga, MS og KS, hafa ekki rift samningum við rússneska aðila um framleiðslu, sölu og dreifingu á Ísey skyri í Rússlandi. Forstöðumaður kjötafurdastöðvar KS sem er kjöræðismaður Rússlands á Íslandi hefur ekki sagt af sér þeirri stöðu.

„Við höfum verið að skoða þessi mál og fylgst með en ekki tekið neina ákvörðun,“ segir Einar Einarsson, rekstrarstjóri Íseyjar hjá MS, spurður um hvort til standi að rifta samningum við Rússa.

MS er með samning við rússneska félagið IcePro, sem er í eigu KS og rússneskra fjárfesta, frá árinu 2018. IcePro er svo með samning við mjólkurframleiðandann Lactica sem sér um að framleiða og dreifa Ísey skyri í Rússlandi. Einkum í höfuðborginni Moskvu og Sankti Pétursborg. Samkvæmt heimasíðu MS var heildarfjárfestingin 500 milljónir króna og markmiðið að ná 5.000 tonna ársframleiðslu fyrir Rússlandsmarkað á þremur árum.

„Það eru engin riftunarákvæði sem hægt er að grípa til vegna þess ástands sem er,“ segir Einar en vildi þó ekki tjá sig um það hvort fyrirtækið teldi sig bundið af samningnum.

Vildi Einar heldur ekki tjá sig um hvers vegna ekki væri búið að slíta þessu samstarfi í ljósi stríðsins og þeirra voðaverka sem séu að koma í ljós. En fjöldi fyrirtækja, stórra sem smárra, hefur hætt allri starfsemi í



Ísey hefur verið komið í búðir í Moskvu og Sankti Pétursborg. MYND/SKJÁSKOT



Þetta snýst um að aðstoða almenna borgara, miðla menningu og aðstoða fólk í neyð.



Ólafur Ágúst Andrússon kjöræðismaður Rússlands á Íslandi á

Rússlandi. Til að mynda skyndibitakeðjur á borð við McDonald's og símaframleiðendur á borð við Apple, án þess að vera skikkaðir til þess.

Aðspurður hvenær sköðun fyrirtækisins lyki og ákvörðun yrði tekin sagðist Einar ekki ætla að tjá sig um það.

Ólafur Ágúst Andrússon, forstöðumaður kjötafurdastöðvar KS, varð kjöræðismaður Rússlands á Íslandi árið 2014. Í viðtali við hér- aðsmiðilinn Feyki það ár taldi hann að nafnbótin ætti eftir að nýstast honum vel í viðskiptum sem hann hefði farið fyrir í Rússlandi en hann hafði verið í forsvari fyrir kjöt- og fisksölu þar í landi.

Ólafur segist ekki hafa sagt af sér sem kjöræðismaður þrátt fyrir stríðið. „Ég hef nú ekki einu sinni hugleitt það,“ segir hann. „Það er ekki brjáladað að gera í þessu. Þetta snýst um að aðstoða almenna borgara, miðla menningu og aðstoða fólk í neyð. Til dæmis flóttafólk eða túrista. Eins og staðan er núna eru engir að koma.“

Aðspurður segist hann ekki hafa nein tengsl við stjórnvöld í Kreml. Kjötsölunni hafi verið sjálfhætt eftir innlimun Krímskaga árið 2014, en þá settu Rússar hömlur á matarinnflutning frá Íslandi og fleiri löndum sem beittu þá þvingunum. ■

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

BYKO**Broil King**
Great Barbecues Every Time

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

-20%

Grilla og njóta

BROIL KING GEM 310

Þrjú brennarar úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni og grillkerfi með ryðfríu Flav-R-Wave™ grillkerfi. Rafstýrður Sure-Lite™-kveikibúnaður og felliborð á hliðum.

Kilóvött
6,8 Brennarar
3

Vnr. 50657519

39.916

Almennt verð: 49.895

Þú sparar: 9.979

Skannaðu
kóðann
og sjáðu allt
úrvalið á byko.is**BROIL KING ROYAL**

Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Í lokinu á grillinu er innbyggður hitamælir og hliðarhillur sem hægt er að leggja niður.

-36%

Vnr. 50657513

55.595

Almennt verð: 85.595

Þú sparar: 30.000

Kilóvött
8,8 Brennarar
3**BROIL KING SIGNET 320**

Gasgrill með þremur brennurum úr ryðfríu stáli, postulínshúðaðar grillgrindur og grillkerfi með ryðfríum Flav-R-Wave™ bragðburstum og fellanlegum hliðarborðum.

-20%

Vnr. 50657506

105.276

Almennt verð: 131.595

Þú sparar: 26.319

Kilóvött
11,4 Brennarar
3**BROIL KING MONARCH**

Þriggja brennara grill frá Broil King með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum, og postulínshúðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Það er innbyggður hitamælir á grillinu og hliðarhillur sem hægt er að setja niður.

-20%

Vnr. 50657511

71.988

Almennt verð: 89.985

Þú sparar: 17.997

Kilóvött
8,8 Brennarar
3**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is

Listi yfir þau sem græddu fimm milljarða á hálfum mánuði

lovisa@frettabladid.is

FJÁRMÁL Listi yfir kaupendur í útboði Íslandsbanka 22. mars, er ríkið seldi samtals 22,5 prósentu hlut í bankanum, var birtur í gær.

Meðal kaupenda er faðir fjármálaráðherra, Benedikt Sveinsson, sem keypti hlut fyrir um 54 milljónir króna í gegnum félag sitt Hafsilfur. Á meðal stærri kaupenda er Eignarhaldsfélagið Steinn ehf. sem er í eigu Þorsteins Más Baldvínssonar í Samherja. Hann keypti fyrir tæpar 300 milljónir í útboðinu.

Guðbjörg M. Matthíasdóttir, aðal-eigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum og einn eigenda Morgunblaðsins, keypti fyrir tæpan hálfan milljarð króna.

Rafkaup keypti fyrir um 270 milljónir króna en Sólveig Nanna Hafsteinsdóttir er skráður eigandi. Félagið Íshóll ehf. sem er í eigu fjárfestisins Stefáns Ákasonar keypti einnig fyrir um 270 milljónir í bankanum.

Pálmi Haraldsson í Fons keypti fyrir um 224 milljónir í gegnum fyrirtæki sitt Sólveli. Jóhann Hall-

dórsson keypti fyrir um 180 milljónir í gegnum félag sitt s8 ehf.

Hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, sem eiga fyrirtækið Jóhann Rönning, keyptu fyrir tæplega 1.170 milljónir í gegnum félag sitt Bóksal ehf. Þau eiga nú alls 2,5 prósentu hlut í Íslandsbanka.

Þórður Már Jóhannesson fjárfestir keypti í gegnum tvö félög, Brekku Retail Ehf. og Fjárfestingarfélagið Brekku, fyrir alls um 108 milljónir.

Meðal annarra kaupenda, sem alls voru 209 félög og einstaklingar, má nefna félagið Klambatrún sem



Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir keyptu hlut fyrir 1.170 milljónir sem nú er 1.287 milljóna virði.

er í eigu Ólafs Andra Ragnarssonar, Íslenska tónlist ehf. sem er í eigu Sólva Blöndal og Sigurðar Reynis Harðarsonar, og fjárfestinn Halldór

Karl Högnason sem keypti í gegnum félagið Valshöfða.

Heildarsalan á 22,5 prósentu hlut ríkisins í Íslandsbanka færði ríkinu 52,7 milljarða króna. Ákveðið var að miða við gengið 117 krónur á hlut þó að verð hvers hluta í Kauphöllinni væri þá 123 krónur. Síðan þá hefur gengið hækkað umtalsvert og var í lok dags í gær 129 krónur á hlut sem er ríflega tíu prósentu hækkan frá sönnu fyrir rúnum tveimur vikum. Hlutur þeirra sem keyptu þá hefur þannig alls hækkað um 5.300 milljónir króna. ■



Talið er mikilvægt að efla sjálfsstjórn nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Of litlar kröfur í grunnskólanum

benediktboas@frettabladid.is

MENNTUN Í niðurstöðum rannsóknar sem Berglind Kristinsdóttir gerði um upplifun sjö starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum kemur skýrt fram að viðmælendur töldu grunnskólann gera of litlar námslegar kröfur til nemenda.

Í rannsókninni, sem kallast Við tókum ábyrgðina af þeim, kemur fram að allir viðmælendur töldu mikilvægt að efla sjálfsstjórn nemenda í námi og stuðla þannig að því að efla ábyrgð þeirra á eigin námi.

Námsráðgjafarnir voru á þeirri skoðun að þau börn sem sýna fram á góðan námsárangur væru nemendur sem skipuleggja tíma sinn, leita eftir aðstoð þegar þörf er á og hafi oftast mikið á sinni könnu. Það megi því draga þá ályktun að daglegt líf þeirra efla sjálfsstjórn þeirra í námi ásamt því að þau búi yfir þeim þroska að geta lagt mat á námsframvindu sína. ■

Skiptar skoðanir í minnihlutunum um hvort Sigurður Ingi eigi að víkja

Margt bendir til að ólgan í kringum rasísk ummæli innviðaráðherra sé heldur í rénun. Staða ráðherrans er þó sögð hafa veikst. Stjórnarandstaðan er ekki einhuga.

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingarinnar, telur að Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, verði að segja af sér.

„Já, ég held að það væri virðingarleysi við fólk af erlendum uppruna á Íslandi ef Sigurður Ingi fengi að sitja áfram eins og ekkert hefði í skorist,“ sagði Jóhann Páll þegar Fréttablaðið ræddi við nokkra þingmenn á Alþingi í gær um stöðu Sigurðar Inga og framhaldið.

Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna stjórnarandstöðunnar um alvarleika málsins.

„Hann er búinn að biðjast afsökunar, hann hefur kastað syndum sínum aftur fyrir sig. Megi honum vel farnast í sínu starfi,“ segir Jakob Frimann Magnússon, þingmaður Flokks fólksins, sem telur enga ástæðu til afsagnar.

Sigmar Guðmundsson, þingmaður Viðreisnar, segir að Viðreisn hafi ekki krafist þess að Sigurður Ingi segi af sér. Viðreisn hafi aftur á móti krafist frekari upplýsinga. Ræða þurfi málið til hlítar. Alþingi sé réttur vettvangur til þess.

„Það er ekki gott þegar tugþúsundir Íslendinga geta átt von á mismunun vegna húðlits eða kyns,“ sagði Sigmar.

Flestir sem rætt var við í gær, töldu sig skynja að „málið væri að



Aðeins einn þingmannastöðunnar nýtti tækifærið við upphaf þingfundar í gær til að ræða mál Sigurðar Inga undir liðnum störf þingsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Hann hefur kastað syndum sínum aftur fyrir sig. Megi honum vel farnast í sínu starfi.



Jakob Frimann Magnússon, þingmaður Flokks fólksins



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra

kólna“ eins og einn þingmannastöðunnar yrði að veruleika.

Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata, sagðist ekki geta svarað því að svo stöddu hvort þingflokkur Pírata hygðist bera upp vantrauststillögu. Fulltrúar flestra annarra stjórnarandstöðuflokka sögðu of snemmt að velja slíku fyrir sér.

Þingmenn meirihlutans voru flestir ófúsir að tjá sig um málið opinberlega. Sumir sem kjósa

nafnleynd segja óheppilegt að orð Sigurðar Inga og aðstoðarmanns hans stangist enn á. Þá eru sumir Sjálfstæðismenn reiðir Sigurði Inga, þar sem þolandinn í málinu, Vigdís Häsler, komi úr þeirra röðum.

Þeir þingmenn finnast einnig innan meirihlutans sem telja ekki sannað að Sigurður Ingi hafi gasprað með hvort lyfta ætti „þeirri svörtu“ eins og aðrar heimildir segja öruggt. Aðrir bera fylleri þingmanna Miðflokksins á Klaustri fyrir nokkrum árum saman við málið, sem og fleiri hneyksli þar sem Bakkus hafi komið við sögu.

Allir þingmenn sem blaðið ræddi við segja að burtséð frá því hvort ráðherrann segi af sér eða ekki hafi staða hans veikst. Tíminn muni leiða í jós að hve miklu leyti traust hans hafi skaðast og hvort málið gleymist. ■

100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.





Athafnaborgin 2022

Uppbygging atvinnuhúsnæðis og innviða í Reykjavík

**Hvar eru tækifærin í Reykjavík?
Fundur um nýsköpun, skapandi
greinar, uppbyggingu og blómleg
atvinnutækifæri í Reykjavík.**

Farið verður yfir stóru myndina í uppbyggingu innviða og atvinnusköpun, en þar eru víða jákvæð teikn á lofti þegar kemur að skapandi greinum, þróun verslunar og atvinnustarfsemi.

Gefið verður gott yfirlit yfir verkefni sem nú þegar eru í gangi, auk þess sem kynnt verða framtíðarverkefni og áherslur.

*Þróunarreitir í nágrenni við fundarstað
verður heimsóttur að fundi loknum.*

Verið velkomin í Ráðhús Reykjavíkur
föstudaginn 8. apríl kl. 9.00
eða í streymi á reykjavik.is

Dagskrá

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri

Berglind Rán Ólafsdóttir
Framkvæmdastýra Orku náttúrunnar

Þorsteinn Högni Gunnarsson
Forstjóri Mainframe

Þróstur Söring
Framkvæmdastjóri þróunar og framkvæmda
hjá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum

Bjargey Björgvinsdóttir
Arkitekt og verkfræðingur hjá NLSH

Gunnar Dofri Ólafsson
Samskipta- og þróunarstjóri hjá Sorpu

Halldóra Vífilsdóttir
Arkitekt hjá Landsbankanum


Samúel Torfi Pétursson
Skipulagsverkfræðingur hjá VSÓ

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Formaður borgarráðs

Dóra Björt Guðjónsdóttir formaður
mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Reykjavíkur opnar fundinn

Fundarstjóri er **Björg Magnúsdóttir**





Forsetar Rússlands og Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kínversk félög kaupa minna af olíu frá Rússum

georg@frettabladid.is

KÍNA Nokkrar af stærstu olíu-hreinsistöðvum Kína hafa nýverið dregið úr viðskiptum sínum við rússneska olíuframleiðendur. Talið er að fyrirtækin, sem öll eru ríkisrekin, séu að bregðast við til-mælum stjórnvalda þar í landi sem hafa kallað eftir því að gætt sé varúðar í viðskiptum við rússnesk fyrirtæki.

Kínversk stjórnvöld hafa þurft að endurskilgreina samband sitt við Rússland í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Það er vegna þrýstings frá Vesturveldunum sem hafa lagst í umfangsmiklar refsiaðgerðir gegn Rússlandi. Ríkin hafa ræktað með sér náð samband á síðustu árum en nú gæti bandalag þeirra verið komið í uppnám. ■

Vegagerðin á mótí stafrænu skilti

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Vegagerðin samþykkir ekki breytingu flettiskiltis við Byko í stafrænt skilti þar sem breytingin sé til þess fallin að fanga athygli ökumanna sem kunní að draga úr umferðaröryggi.

HK hefur sótt um að breyta gamla flettiskiltinu við Byko í stafrænt skilti en sambærileg umsókn barst varðandi breytingar á flettiskiltum við Fífuna og Múlalind þar sem skilti var breytt í ljósaskilti og sagði Vegagerðin svipað í erindi sínu gegn þeim skiltum. Kópavogsbær tók ekki mark á rökum Vega-gerðarinnar.

Reykjavíkurborg og Samgöngu-stofa gera ekki athugasemdir við breytingarnar á skiltinu. ■

Bragðbann grafi undan lýðheilsu- og ávaxtabragðum

benediktboas@frettabladid.is

LÝÐHEILSA British American Tobacco Denmark, eða BAT, einn stærsti tóbaksframleiðandi í Evrópu, hefur sent inn umsögn vegna frumvarps Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Þar segir að fyrirtækið styðji í grundvallaratriðum stefnumarkmið ríkisstjórnarinnar um að koma

í veg fyrir reykingar og notkun barna á nikótínvörum sem eru ætlaðar fullorðnum. BAT fagnar úrræðum eins og heilsuviðvörðunum fyrir nikótínþúða, aldurstakmörkum og banni við notkun þúðanna á svæðum eins og skólum án þess þó að draga úr mikilvægi þúðanna sem skaðaminnkunarúrræðis.

Það eru þó nokkur atriði frumvarpsins sem BAT er andvíg, eins og að það nikótín sem innihaldi



Nikótínþúðar hafa tekið við íslenska baggínu í munnunum ungmenna.

nammi- og ávaxtabragð verði bannað. Þetta segir BAT að geti grafið undan lýðheilsu- og frumvarpsins frekar en að efla þau. „Bragðefni gegna lykilhlutverki í að auðvelda reykingamönnum að skipta yfir í minna skaðlegan valkost. Nikótínvörur og rafsigarettur með bragðefnum geta þannig skipt sköpum í baráttunni gegn tóbaksnotkun og stutt reykingamenn við að slökkva í sigarettunni,“ segir í umsögninni. ■

Færri fangar en fíknifangar eru tvöfalt fleiri miðað við önnur lönd í Evrópu

Föngum hefur fækkað í íslenskum fangelsum sem og annars staðar í Evrópu. Faraldurinn spilar þar stóra rullu. Hlutfall fíknifanga hækkar hins vegar enn á Íslandi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FANGELSISMÁL Hlutfall íslenskra fanga sem sitja inni vegna fíkniefnabrot hækkar milli ára úr 35 í 37,4 prósent. Ísland er enn með næstmesta fjölda fíknifanga í Evrópu, samkvæmt úttekt Evrópuráðsins, á eftir Lettlandi. Fjöldi fíknifanga er nú meira en tvöfalt meðaltal allra Evrópuríkja og umtalsvert meiri en á hinum Norðurlöndunum.

Þróun refsinga og viðhorf almennings hafa ekki farið saman þegar kemur að fíkniefnamálum undanfarin ár. Aukin refsiharka hefur fæst í málaflökkinn og hlutfall fíknifanga hækkað. Samkvæmt könnunum Félagsvísindastofnunar telja hins vegar færri fíkniefnabrot þau alvarlegustu en áður. Fleiri telja ofbeldisbrot, einkum kynferðisofbeldi, alvarlegri.

Tveir síðustu heilbrigðisráðherrar, Svandís Svavarsdóttir og Willum Þór Þórsson, hafa stefnt að afglæpavæðingu neysluskammta og þingflokkur Pírata hefur einnig lagt fram slík frumvörp. Í lok mars hætti Willum við að leggja fram slíkt frumvarp á yfirstandandi þingi og fékk hann mikla gagnrýni fyrir.

Í skýrslunni, sem nær til alls ársins 2021, kemur fram að föngum hafi fækkað á Íslandi, úr 164 í 150, þegar gæsluvarðhaldsfangar eru teknir með í töluna. Þetta er alþjóðleg þróun í faraldrinum og skýrist af ýmsum þáttum. Meðal annars



Föngum hefur fækkað um þrettán milli ára en aðeins einn er fíknifangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Níu sátu inni fyrir nauðgun og þrettán fyrir önnur kynferðisbrot.

fækkun afbrota sem tengjast flutningi milli landa, svo sem smygli, mansali og fleiri afbrotum. Einnig minni umsvifum dómstóla og átaksverkefnum í mörgum löndum þar sem föngum var sleppt fyrr vegna vissra glæpa til að reyna að minnka smíthættu.

Þrátt fyrir mikla fækkun fanga á Íslandi fækkaði fíkniföngum hins vegar aðeins um 1, úr 47 í 46. Af alvarlegustu glæpunum sátu 14 inni fyrir morð eða morðtilraun, 14 fyrir líkamsárás, 9 fyrir nauðgun og 13 fyrir önnur kynferðisbrot. Hlutfall kynferðisbrotamanna sem sitja inni er með því herra í álfunni en Norðmenn eru með langhæsta hlutfallið, samanlagt 28 prósent.

Mesta fækkunin hefur orðið hjá

þeim sem sitja inni fyrir umferðarlagabrot. Árið 2020 voru þeir 19 talsins en aðeins 5 ári seinna. 4 sátu inni fyrir rán, 11 fyrir þjófnað og 1 fyrir annars konar fjármálamisferli.

Hlutfall útlendinga hækkar milli ára úr 19 í 23 prósent, og þar af er fjórðungur frá löndum utan ESB- og EES-svæðisins. Meðal dómálgengdin er rúmlega hálfir ár og 16 fangar afplánuðu utan fangelsa, svo sem í barnaverndarúrræðum, heilbrigðisstofnunum og á Vernd. Meðalaldur fanga er rúmlega 37 ár, 30 fangar voru yfir fimmtugu en aðeins 3 yfir sextugu. Aðeins 9 konur sátu inni, eða 6 prósent, en 12 konur sátu inni árið 2020. Enginn fangi flúði og enginn lést bak við lás og slá. ■

ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ NEGLA NIÐUR TÍMA Í DEKKJASKIPTI

Renndu við

SÓLNING

Skútuvegur 2, Reykjavík

Fitjabraut 12, Njarðvík

Smiðjuvegur 34, Kópavogur

Hjallaraun 4, Hafnarfjörður





BOSS

BOTTLED MARINE
THE NEW FRESH LIMITED EDITION



20% afsláttur
af öllum BOSS vörum
7. - 13. apríl

Finndu þinn Boss ilm og fáðu veglegan
kaupauka frítt með*
*meðan birgðir endast

HAGKAUP

Telur viðbragðsaðila hafa brugðist eftir byrlun

Kona sem telur sig hafa orðið fyrir byrlun í einkasamkvæmi á Edition hótelinu fyrir tveimur vikum segir viðbragðsaðila hafa brugðist sér. Hún segir fórnarlömb byrlana í ómögulegri stöðu þegar komi að öflun og varðveislu sönnunargagna.

ninarichter@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Þrjátíu og sjö ára gömul kona kveðst hafa orðið fyrir byrlun þegar hún var úti að skemmta sér með vinum aðfaranótt 27. mars. Hún hafi drukkið lítið um kvöldið en fengið sér bjór í flösku nálægt miðnætti, í einkasamkvæmi á lokuðum næturklúbba á Edition hótelinu, þar sem fyrir lá gestalisti.

Konan segist skyndilega hafa fundið fyrir lómum í líkamanum, eftir tvo sofa af bjórnum.

Konan fór heim í leigubíl og segist hafa átt fullt í fangi með að komast inn í íbúðina sína. Þegar hún vaknaði morguninn eftir hafi hún fundið fyrir sjóntruflunum og áttað sig á því að ekki væri allt með felldu. Hún hafi tekið bjórflokkuna með sér heim fyrir rælni, og því haft hana heima hjá sér á þeim tíma.

Eiturlyfjapróf greindi benzo-lyf

Hún hafi næst afráðið að hafa samband við Læknavaktina, en fengið þar ábendingar um að ekkert væri gert í slíkum málum og þar væru blóðsýni ekki tekin. „Læknarnir standa ekki í því,“ hefur konan eftir vakthafandi hjúkrunarfræðingi við símaráðgjöf. Hjúkrunarfræðingurinn hafi ráðlagt henni að kaupa eiturlyfjapróf til að ganga úr skugga um byrlun. Konan gerði það og segir eiturlyfjaprófið hafa sýnt merki um benzo-lyf í þvagi.

Konan segist hafa hringt í lögregluna í framhaldinu, en fengið þau svör að lítið yrði við þessu gert, ekki yrðu tekin sýni af flöskunni og það borgaði sig ekki fyrir hana að gefa skýrslu. Slíkt væri eingöngu tímasóun.



Yfirlögreglu-
stjóri segir
hefðbundna
verkferla aðra
en þá sem
konan lýsir.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir byrlunarmál ávallt tekin alvarlega.

Lögregla tekur ekki skýrslu

Konan segist hafa mætt til lögreglunnar í annað sinn fjórum dögum seinna, eftir að mesta áfallið var liðið hjá. „Ég er sett þarna fram á gang þar sem allir labba fram hjá. Ég segi henni að ég sé ekki tilbúin að opna mig um svona viðkvæmt mál á einhverjum gangi.“ Hún kveðst hafa fengið þau svör að kanna þyrfti mikilvægi málsins áður en hægt væri að

bóka rými fyrir viðtalið. „Ég spyr: Mikilvægi? Mér var byrjað, er það ekki mikilvægt?“

Konan segir að ekkert hafi verið skrifað niður á þeim tímamarki. „Ég spyr hvort ekki sé einhver vitundarvakning í gangi með öryggi á djamminu og þá er svarið: Nei, það vorum við aldrei að gera. Heldur þú að við höfum fjármagnið og mannaflann í það?“

Konan segir að fulltrúi lögreglunnar hafi ekki tekið skýrslu vegna málsins. „Henni fannst þetta ekki nógu mikilvægt. Við töludum í klukkutíma. Mér blöskraði hversu lítið var gert úr þessu.“

Ekki leyfi til að skoða myndbönd

Fulltrúi hafi spurt hana hvort blóðsýni hafi verið tekið. Konan segist hafa reynt það en ekki fengið það í gegn. „Ég fór ekki á neyðarmóttökuna af því að ég vissi ekki að ég ætti að fara þangað,“ segir hún.

„Kannski var Læknavaktarinnar

ad benda mér á að fara á neyðarmóttökuna en ekki láta mig keyra um allan bæ í alvarlegu ástandi að leita að eiturlyfjaprófi, sönnunargagni sem enginn vill sjá. Það vill enginn eiturlyfjaprófið eða flöskuna sem varð eftir, til að rannsaka þetta. Þannig að ekkert er skjalfest,“ segir konan.

Hún segir fulltrúa Edition hafa verið samvinnuþýða og allt viljað fyrir hana gera, en hins vegar komi persónuverndarlög í veg fyrir að hægt sé að skoða myndbandsupptökur úr veislunni, til þess þurfi dómsúrskurð. Þaðan hefur hún einnig upplýsingar um að fleiri en þeir sem voru á gestalista hafi fengið aðgang, með samþykki aðstandenda viðburðarins, sem gefið var á staðnum umrætt kvöld.

Konan segist hafa beðið lögregluna um að skoða myndböndin en uppskorið háð. Hún hafi verið spurð hvort hún héldi virkilega að lögreglan skoðaði slík myndbönd.

Mikil auglýsingaherferð í gangi

Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að mikil auglýsingaherferð sé í gangi um þessar mundir þar sem fólk er hvatt til að líta til með fólk í kringum sig.

„Það er samstarfsverkefni lögreglunnar, Neyðarlínu og fleiri aðila,“ segir Ásgeir.

Fyrr í vikunni sagði Ásgeir í samtali við blaðið, ótengt þessu máli, að í tilfellum þar sem grunur leikur á um byrlun séu slík mál alltaf tekin alvarlega og tekin séu sýni, auk blóðsýna og læknisrannsóknar.

Elfa Björk Ragnarsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur á Læknavaktinni, segir að tilfellum sem þessu sé ætíð vísað á bráðamóttöku og svörin sem konan hafi fengið í þessu tilfelli séu ekki stöðluð svör samkvæmt þeirra verklagi. Læknavaktin taki heldur ekki blóðprufur og hafi aldrei gert. ■

Sjáumst á fjöllum

SUMARLEYFISFERÐIR FÍ
www.fi.is

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Dætur Pútíns beittar þvingunum

georg@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Yfirvöld í Bandaríkjunum kynntu fyrir skömmu nýjar og hertar refsiaðgerðir gegn rússneskum fyrirtækjum og einstaklingum sem tengjast stjórn Pútíns Rússlandsforseta. Harðar þvinganir verða settar á starfsemi tveggja stærstu fjármálafyrirtækja Rússlands, Alfa Bank og Sberbank.

Þá verða tvær uppkomnar dætur Pútíns, María Vorontsova og Katerína Tikhonova, beittar viðskiptaþvingunum af bandarískum stjórnvöldum sem telja að stór hluti af eignasafni Pútíns sé falinn meðal fjölskyldumeðlima og vina hans. Þess vegna hafi þeir beint spjótum sínum að dætrum hans.

Aðrir fjölskyldumeðlimir háttsettra embættismanna verða sömu leiðis beittir þvingunum. Til að mynda eiginkona og dóttir utanríkisráðherra Rússlands Sergeis Lavrov og fjölskylda forsætisráðherrans Míkhails Míshústín.

Þessar efnahagsþvinganir og hrina af þvingunum frá öðrum ríkjum víðs vegar um heim koma í kjölfar fregna af vöðaverkum sem rússneski herinn er talinn hafa framið gegn óbreyttum borgurum á svæðum í nágrenni við Kænugarð. Svæði sem rússneski herinn hefur nýlega hörfað frá. Þar ber helst að nefna fjöldamorðið í bænum Bútsja.



María Vorontsova og Katerína Tikhonova með föður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ljósmyndir af fjötruðum líkum óbreyttra borgara á götum bæjarins hafa vakið mikla athygli og óhug innan alþjóðasamfélagsins.

Deilt hefur verið um áhrif efnahagsþvingana á stríðsrekstur Pútíns en vist er að þær eru farnar að hafa

áhrif á líf almennra borgara í landinu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að landsframleiðsla í Rússlandi muni dragast saman um meira en 10 prósent og efnahagslegar framfarir síðustu ára þurrkist þannig út. ■

NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.



Rnr. 149051

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd

Nýskr. 01/19, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.990.000 kr.



Rnr. 148585

SUBARU Outback LUX Harman Kardon

Nýskr. 08/20, ekinn 10 þ.km,
beinsín, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.990.000 kr.



Rnr. 260538

RENAULT Captur E-Tech PHEV Intens+

Nýskr. 11/20, ekinn 7 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.590.000 kr.



Rnr. 149020

LAND ROVER Discovery 5 HSE TDV6

Nýskr. 03/18, ekinn 93 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.590.000 kr.



Rnr. 149040

NISSAN Qashqai Acenta 2wd

Nýskr. 01/19, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
3.990.000 kr.



Rnr. 261089

MG ZS EV Luxury

Nýskr. 06/21, ekinn 6 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.490.000 kr.



Rnr. 261051

BMW X3 Xdrive30e

Nýskr. 10/20, ekinn 11 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
9.290.000 kr.



Rnr. 393375

LAND ROVER Discovery Sport Pure

Nýskr. 05/19, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
5.990.000 kr.

VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.



OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Einn fjórmenninganna sem að ósekju voru hnepptir í yfir 100 daga gæsluvarðhald 1976 í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu gagnrýnir harðlega aðkomu stjórnmalamanna að bótagreiðslum til fólksins sem kom þeim í fangelsi með röngum sakargiftum.

DÓMSMÁL Magnús Leóoldsson, einn fjórmenninganna sem upprunalegir dómþolar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu beittu röngum sakargiftum með þeim afleiðingum að þeir sátu að ósekju í gæsluvarðhaldi í yfir 100 daga árið 1976, segir það þungbært fyrir þá félagar að horfa upp á að fólkið sem dró þá algerlega saklausa inn í málið fái nú „greiddar himinháar bætur, án þess að fyrir liggi niðurstæða Hæstaréttar um hvort og hvað þá hvaða áhrif sök þeirra eigi að hafa á bótagreiðslur.“ Hann hafi það á tilfinningunni að verið sé að greiða bætur fyrir að bera á þá rangar sakir.

„Sýknudómur Hæstaréttar er því marki brenndur,“ heldur Magnús áfram, „að settur ríkissaksóknari sem lagði þá rannsókn upp rökstuddi ekki að okkar mati nógu vel niðurstöðuna, en hann gerði bara kröfu um að sýkna bæri Sævar Marínó, Kristján Viðar og Guðjón Skarphéðinsson af mannhvörfum.“ Aðrar sakfellingar á öðrum afbrotum standi á hinn bóginn eftir óhaggaðar, en þar á meðal séu ýmis alvarleg brot, þar á meðal rangar sakargiftir.

Afvegaleiddu rannsóknina

Í samtali við Fréttablaðið segir Magnús að þetta sé sérlega sárt í ljósi þess að þeir sem upprunalega hlutu dóm og fái nú greiddar bætur beri fulla ábyrgð á því að afvegaleiða rannsóknina á sínum tíma, en í dómnum yfir þeim frá 1980 viðurkenni þeir að það hafi verið samantekin ráð að bendla Magnús, Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn heitin Eiríksson við málið til að torvela rannsókn þess, færi svo að upprunalegu dómþolarnir yrðu bendlaðir við það. Hugmyndin hafi verið að þá myndi rannsóknin beinast frá þeim. „Þetta fólk gerði af einhverjum ástæðum fyrir fram ráð fyrir að það yrði spurt út í Geirfinnsmálið og sammæltist um það að draga okkur saklausa inn í þetta mál, væntanlega til þess að dylja eigin glæpi,“ segir Magnús.

Hann segir Guðmundar- og Geirfinnsmálin ekki eingöngu hafa varðað mannhvörf, heldur einnig nauðgun, þjófnað, fjársvik, brennu, skjalafals, smygl, sölu á fikniefnum og síðast en ekki síst rangar sakargiftir á hendur fjölda nafngreindra einstaklinga, en síðastnefnda atriðið varði tveggja til sextán ára fangelsi.

Fólk verður að bera ábyrgð

„Það virðist gæta einhvers miskilnings í umræðunni um öll þessi alvarlegu brot, að þau hverfi vegna þess að hægt sé að gagnrýna rannsóknarferlið og meðferð dómstóla,“ segir Magnús og bætir við að fólk verði auðvitað að bera ábyrgð á því sem það sannanlega geri. Gagnrýni á lögreglu og dómstóla sé bara allt annað mál og þurfi að skoða sérstaklega eftir því sem við eigi.

Magnús segir Erlu Bolladóttur og afkomendur annarra upprunalegra dómþola sem sækja bætur bera fulla ábyrgð á því að hafa komið því til leiðar að saklaust fólk hafi verið lokað inni. Bótagreiðslur til þessa fólks megi því og beri að gagnrýna. Nú reyni Erla Bolladóttir að koma þeirri sök á aðra, en eftirlifandi fjórmenningar viti að það sé ekki rétt. „Enda gæti hún ekki vitað um sakleysi okkar nema vegna þess að hún var sjálf stödd, að eigin sögn, í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974,“ segir Magnús.

Höfðu hag af sakbendingunni

Hann segir umrædda einstaklinga



Fjölmíðlar fylgdust grannt með allri meðferð Geirfinns- og Guðmundar-málanna. MYND/ AÐSEND

Þau höfðu hag af því að draga saklausa menn inn í málið



Sigmundur Ernir Rúnarsson ser @frettabladid.is

hafa haft beinan hag af því að draga saklausa menn inn í málið – og nefnir þar Guðjón Skarphéðinsson sem hafi skýrt frá því þegar hann var við yfirheyrslu, tæpu ári eftir að fjórmenningarnir voru handteknir, að hann hefði tekið það nærri sér „að vita af okkur í gæsluvarðhaldi þar sem hann vissi að við vorum saklausir,“ segir Magnús og bætir því við að það sé „svívirðilegur glæpur að bera menn röngum sökum til að dylja eigin glæpi. Auðvitað veit Guðjón Skarphéðinsson að við vorum saklausir og það af sömu ástæðu og Erla veit það.“

Magnús segir „afskipti stjórnmalamanna af þessu máli, fyrr og síðar, vera algerlega óþolandi og hafa valdið miklum skaða.“ Og Magnús segir þar ekkert lát á. „Það er vægast sagt einkennilegt að sumir stjórnmalamenn skuli hafa frumkvæði að því að greiða þessu fólki bætur án þess að fyrir liggi dómur eða endanlegt samkomulag um uppgjör málsins. Stjórnmalamenn eiga ekki að blanda sér í úrlausn dómsmála eða reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna.“

Undarleg hagsmunagæsla

Þá sé það undarleg hagsmunagæsla fyrir hönd ríkissjóðs að ákveða að áfrýja ekki nýlegum héraðsdómi í máli Erlu Bolladóttur. „Í mínum huga er ekki hægt að kveða þetta mál úr íslensku samfélagi hvað bætur varðar án endanlegs dóms Hæstaréttar,“ segir Magnús Leóoldsson.

Loks sé mjög athyglisvert að kynna sér aðkomu Gísla Guðjónssonar að Geirfinnsmálinu, meðal annars þegar hann hafi náð að rjúfa einangrun Guðjóns Skarphéðinssonar í desember 1976, en Gísli var á þessum tíma nemi í réttarsálfræði. „Hann er því að okkar mati algjörlega vanhæfur í því máli enda lýsti hann því sjálfur yfir í blaðagrein í DV í janúar 1998,“ segir Magnús Leóoldsson að lokum. ■



Magnús Leóoldsson segir Erlu Bolladóttur bera ábyrgð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Valdimar Olsen, Magnús Leóoldsson og Einar Bollason í héraðsdómi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er vægast sagt einkennilegt að sumir stjórnmalamenn skuli hafa frumkvæði að því að greiða þessu fólki bætur án þess að fyrir liggi dómur eða endanlegt samkomulag um uppgjör málsins.



IMPALA ROLLERSKATES

**HJÓLASKAUTAR!
MARGIR LITIR - STR. 32-44
KR.21.990/23.990**



SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

FRÁBÆR SUMARGJÖF!



**LÍNUSKAUTAR
5 LITIR - KR. 24.990**



**HJÓLABRETTI
NOKKRAR GERÐIR**

SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍS

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Þróun nýrra tækifæra

SKEL fjárfestingafélag áður Skeljungur hf. er skráð félag á hlutabréfamarkaði. Það leggur áherslu á þróun nýrra tækifæra með langtíma verðmætisköpun að leiðarljósi auk annarra fjárfestinga.

Félagið á sér rekstrarsögu frá árinu 1928 og byggir á sterkum grunni með þekkt vörumerki innanborðs.

Stefna félagsins er að leggja aukna áherslu á arðsemi, að styrkja núverandi rekstrarfélög auk annarra fjárfestinga.

Þrjú sjálfstæð dótturfélög heyra undir félagið; Orkan, Skeljungur og Gallon. Auk þess á félagið 48% hlut í Sp/f Orkufelaginu.

Allar nánari upplýsingar um SKEL fjárfestingafélag og dótturfélög þess er að finna á heimasíðu félagsins: www.skel.is



SKEL
Fjárfestingafélag

Borgartún 26
105 Reykjavík
Sími 444 3000
skel@skel.is
www.skel.is

Páskablað Nettó



Frábært úrval af páskamat,
góð tilboð, viðtöl og uppskriftir


Skoðaðu
blaðið á
netto.is



Skannaðu QR kóðann
og fáðu blaðið í símann



Páskaegg í miklu úrvali!



Allt fyrir páskana!

Tilboð gilda 7.-18. apríl.

KJÖTSEL

London lamb

2.239 kr/kg
~~3.199 kr/kg~~

30%



KJÖTSEL

Bæonne-skinka

1.399 kr/kg
~~1.999 kr/kg~~

30%



KJÖTBANKINN

Nauta ribeye-steikur

3.989 kr/kg
~~5.699 kr/kg~~

30%



KJÖTSEL

Hamborgarhryggur

1.427 kr/kg
~~1.784 kr/kg~~

20%



KJÖTBORD

VIP XXL Hryggur

Lambahryggur, ½ lundamegin

3.039 kr/kg
~~3.799 kr/kg~~

20%



KJÖTSEL

Krydduð helgarsteik, bógvöðvi

1.379 kr/kg
~~2.299 kr/kg~~

40%



KJÖTSEL

Léttreyktar grísakótilettur, hunangslegnar

1.959 kr/kg
~~2.799 kr/kg~~

30%



nettó

Súrdeigsbrauð 608 g

309 kr/stk
~~519 kr/stk~~

40%



Heilsuvara vikunnar

Guli Smilur

MANGESIUM CITRATE

Guli miðinn, 100 hylki

1.199 kr/pk
~~1.599 kr/pk~~

25%



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Orð og frelsi



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það fyrsta sem fellur í stríði er sannleikurinn. Það er gömul saga og ný. Og hún á að vera almenningi eilíf áminning um að lygin þrífst á leyndinni.

Innrás Rússa í Úkraínu sem nú hefur staðið yfir í meira en fjórutíu daga hefur varpað ljósi á það hvað tjáningar- og fjölmiðlafrelsi á víða undir högg að sækja í Evrópu. Það er raunar fótum troðið í fjölda landa álfunnar þar sem hvorki stjórnáráðgjafar né fjölmiðlamenn, ellegar skáld og rithöfundar, geta um frjálst höfuð strokið. Ef þeir eru ekki fangelsaðir fyrir ræður sínar, skrif og hugsanir er eitruð fyrir þeim, eða þeir hreinlega skotnir á færi.

Valdhöfum þjóðríkja á borð við Rússland, Hvíta-Rússland, Pólland, Ungverjaland – og raunar Tyrkland sunnar í álfunni – stendur mikill stuggur af frelsi orðsins. Þeir vita sem er að ekkert vopn er yddaðra í valdakapphlaupinu en einmitt orð í pontu og á blaði.

Og fátt er þeim meira kappsmál en að kveða niður raddir sem kunna að upplýsa um raunverulega stöðu innan stjórnerfinsins í löndum þeirra. Því kappkosta þeir að halda þjóð sinni eins óupplýstri og nokkur kostur er og halda að henni áróðri og ósannindum. Þeir styðja sig við staðlausa stafi.

Nú reynir á frjálsa fjölmiðla í upplognum aðstæðum. Nú reynir á blaðamenn, hvarvetna um álfuna, sem verða að flytja raunverulegar og hlutlægar fréttir af vettvangi Evrópustríðsins sem geisar í austurhluta heimshlutans.

Fjölmiðlafrelsið er einmitt vopnið sem bitur fastast á svona örlagatímum. Og í krafti þess er sagan skrifuð jafnóðum og hún gerist. Og það er akkúrat það sem vondir menn varast. ■



Nú reynir á blaðamenn, hvarvetna um álfuna, sem verða að flytja raunverulegar og hlutlægar fréttir af vettvangi Evrópustríðsins sem geisar í austurhluta heimshlutans.

Leyndin að baki

Það er ástæða til að hrósa fjármálaráðherra fyrir að létta bankaleyndinni af sölu Íslandsbanka eftir að opinbera eftirlitskerfið komst að þeirri gamalkunnu niðurstöðu að þjóðin mætti ekki vita hver væri kaupandinn að eignum hennar.

Fjármálaráðherra talaði fyrir því á fyrri stigum málsins að upplýsa ætti um kaupendur þessa hlutar svo fremi að lög gerðu ráð fyrir því. Forsætisráðherra talaði einnig á sömu nótum.

Það er í anda lærdómsins af síðasta bankahruni að snúa við túlkun Bankasýslunnar á bankaleynd og aflétta pukrinu í þessum efnunum.

Og nú þarf Alþingi að sjá til þess að lagabálkinum sem þrengir að upplýstri umræðu um raunverulega kaupendur íslenskra banka verði breytt til frambúðar. Leynibrallið er liðin tíð. ■

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Áhrif

Nú er stóra spurningin hver pólitísku áhrifin verða af því að menn hafi verið undir áhrifum. Verða áhrifin einhver eða engin? Augljóslega vonast Framsóknarmenn þessa lands eftir því að þau verði á við styrkleika bjórs, en annað verður sagt um helstu andstæðinga þessa gamla og görótta flokks sem vonast auðvitað eftir enn sterkari áhrifum, ef ekki mældum í styrkleika spira þá að minnsta kosti í áhrifum alvöru brennivíns af gamla skólunum sem fær ólíklegustu menn til að láta furðulegustu hluti út úr sér.

Tómhentir

Áhrif alls þessa á fjórutíu daga kapphlaupið sem fram undan er geta verið með ýmsu móti, en páskarnir verða varla liðnir er landsmenn fara að huga að borgar-, bæjar- og sveitarstjórnarkosningum hringinn í kringum landið. Og þá þarf náttúrulega að fara að panta búsið til að halda upp á kosninga-sigurinn ellegar drekkja sorgum sínum í sénever og vodka eftir ömurlegu útreiðina sem vísast biður einhverra framboðanna. En kannski menn haldi að sér höndum í þetta skipti – og í stað þess að drekka með báðum höndum standi menn tómhentir framan við skjáinn á kosninganótt. Við sjáum hvað setur. ■

Sextíu milljónir króna



Daniel E. Arnason
varaþingmaður
VG

Launamunur kynjanna var um 14 prósent hér á landi árið 2019. Það þýðir að nú, 60 árum eftir að lög um launajöfnuð voru samþykkt á Alþingi, er kona, sem hefur 650.000 krónur í mánaðarlaun, snuðuð um 1,2 milljónir á ári. Það gera rúmar 60 milljónir króna yfir starfsævina.

Þetta er óþolandi. Það er líka óþolandi að samfélagið virðist ónæmt fyrir þessu óréttlæti.

Þetta ónæmi má skrifa að hluta til á það hversu flókin umræðan um launamun kynjanna er. Talað er annars vegar um óleiðréttan launamun; muninn á launum karla og kvenna að teknu tilliti til vinnutíma, og hins vegar um leiðréttan launamun; launamun sem til staðar er að teknu tilliti til tiltekinna þátta svo sem starfs, atvinnugreinar, menntunarstigs og fleira.

Launamun kynjanna má að langstærstum hluta rekja til hins kynskipta vinnumarkaðar og ólíks náms og starfsvals kynjanna. Því er nauðsynlegt að beina sjónum að hinum óleiðréttan mun. Í honum má greina verðmætamat samfélagsins og það hvernig hefðbundin karlastörf eru metin meira virði en hefðbundin kvennastörf. Með því að einblína á leiðréttan muninn er launamisrétti útskýrt og jafnvel réttlætt með vali kvenna og eiginleikum þeirra. Það skilar okkur ekki launajafnrétti í bráð.

Það er ekki náttúrulegt að konur fái minna greitt fyrir framlag sitt á vinnumarkaði en karlar. Það er ákvörðun. Það er tímabært að taka ákvörðun um að breyta því.

Starfshópur forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa skiladi á síðasta ári tillögum að leiðum til að útrýma launamun kynjanna. Starfshópurinn lagði meðal annars til að komið yrði á fót tilraunaverkefni um mat á virði starfa sem miði að því að þróa verkfæri og auka fræðslu og ráðgjöf til að styðja atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Nauðsynlegt er að fylgja þessum tillögum eftir og ráðast í markvissar aðgerðir til að leiðréttan vanmat kvennastarfa strax. Það er löngu tímabært. ■



Það er ekki náttúrulegt að konur fái minna greitt fyrir framlag sitt á vinnumarkaði en karlar, það er ákvörðun.

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútuvoði 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Innihald eða ímynd

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Ímynd stjórnmalamanna í fjölmiðlum er ekki alltaf í beinu samhengi við verkin og veruleikann.

Jón Gunnarsson fékk til að mynda sérlega óblíðar móttökur í fjölmiðlum þegar hann tók við embætti dómismálaráðherra.

Á hinn bóginn hafa fáir ráðherrar verið hafnir jafn mikið upp til skýjanna eins og Ásmundur Einar Daðason barnamálaráðherra. Upphafning hans skilaði Framsókn fimm nýjum þingmönnum.

Komið sumum gagnrýnendum á óvart

Þegar Jón Gunnarsson var samgönguráðherra árið 2017 var hann athafnasamasti ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Í því ljósi vakti það athygli að þingflokkur Sjálfstæðismanna skyldi fyrir fram takmarka ráðherrasetu hans nú við átján mánuði.

Hann hefur á stuttum tíma í dómismálaráðuneytinu sýnt að hann kann enn að láta hendur standa fram úr ermum. Það kemur ef til vill ekki á óvart.

En hitt hygg ég að hafi komið sumum gagnrýnendum ráðherrans á óvart hvernig hann hefur tekið á nokkrum þeirra erfiðu og viðkvæmu mála, sem heyrja undir dómismálaráðuneytið. Það breytir þó ekki því að menn finna þar enn pólitísk ágreiningsefni eins og umræður um útlendingafrumvarpið sýna.

Róttæk umbótatillaga

En tilefni þessarar upprifjunar er að dómismálaráðherra kynnti nýlega athyglisverð kerfisbreytingaáform. Markmið þeirra er að bæta þjónustu og einfalda kerfið. Einföldunin felst í því að nýta tæknibreytingar til þess að sameina sýslumannsembætti og fækka sýslumönnum niður í einn.

Sýslumannsembættum hefur verið fækkað áður, en hér er ráðgert að stíga róttækt skref. Það er þarft og tímabært. Og við blasir að ganga má enn lengra á málavíði ráðuneytisins því að tími er kominn til að fækka lögreglustjóróm og gera Ísland að einu lögregluumdæmi og styrkja þannig lögregluna um land allt.

Vandi ráðherrans er sá að róttæk uppstokkun í rótrögnu kerfi vekur jafnan andstöðu. Þeir sem vilja aðeins sigla sléttan sjó koma sér því gjarnan hjá því að taka á málum með þessum hætti.

Því fremur er ástæða til að gefa því gaum þegar ráðherra áráðir að beita upp í vindinn til þess að ná mikilvægu markmiði.

Biðlistar og tóm loforð

Ásmundur Einar Daðason hefur nú verið ráðherra barnamála í hartnær fimm ár. Þegar hann tók við embætti brunnu barnabiðlistarnir heitast á ráðuneyti hans. Þar er um að ræða lista yfir börn sem biða eftir þjónustu í félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu.

Á bráðum fimm ára valdatíma hefur það eitt gerst í þessum efnum að biðlistarnir hafa lengst. Þó að hann hafi endurskodað lög um málefni barna er árangursleysi hans í biðlistamálum sennilega sneggsti bletturinn á núverandi ríkisstjórn.

Ný ríkisfjármálaáætlun bendir svo til að hann muni á endanum



Svo virðist sem margir vilji sjá dómismálaráðherrann lenda í sömu sporum og barnamálaráðherrann með biðlistana.

skjóta þunga barnabiðlistavandans yfir á næstu ríkisstjórn.

Enginn ráðherra hefur gengið lengra en Ásmundur Einar Daðason í því að lofa fjármunum til þess að byggja nýjan þjóðarleikvang fyrir fótboltann og annan fyrir handboltann. Í fjármálaáætlun blasir við að næstu ríkisstjórn er ætlað að leysa þau mál.

Óskammfeilni

Þessi samanburður milli tveggja ráðherra er áhugaverður. En hitt sýnir hversu óskammfeilni pólitíkin getur stundum verið að þingmenn Framsóknar hafa gengið fram fyrir skjöldu til þess að rífa hagræðingar- og umbótaáform dómismálaráðherrans niður.

Það verður því ekki léttur leikur fyrir Jón Gunnarsson að ná þessum skipulagsbreytingum fram.

En það eru ekki bara Framsóknarmenn sem ætla að bregða fæti fyrir tillöguna um fækkun sýslumanna. Ahrifamesti talsmaður íhaldsarmsins í Sjálfstæðisflokki, andmælti á dögum í Morgunblaðinu kerfisbreytingaráformum dómismálaráðherrans og harmaði um leið að hreppstjórar skuli ekki enn vera virkur hluti af stjórnsýslu ríkisins.

Prófsteinn

Sú glíma, sem Jón Gunnarsson þarf að stíga á næstunni við þingmenn Framsóknar og íhaldsarmenn í eigin flokki, verður líka alvöru prófsteinn á fjármálaráðherra.

Sættir hann sig við að dómismálaráðherrann þurfi að lúta í lægra haldi loksins þegar raunhæfar tillögur um hagræðingu og bættu þjónustu með skipulagsbreytingum koma fram eftir fimm ára setu ríkisstjórnarinnar?

Spurningin er um innihald eða ímynd. Svo virðist sem margir vilji sjá dómismálaráðherrann lenda í sömu sporum og barnamálaráðherrann með biðlistana. ■

Samband Stjórnendafélaga STF óskar eftir Mennta- og kynningafultrúa

Starfið felst í:

- Kynningu á STF á landsvísi og á starfssvæðum tíu aðildafélaga sem eru innan sambandsins um allt land.
- Umsjón með endurmenntun fyrir félagsmenn og stjórnendanámi sem unnið er í samvinnu við Háskólann á Akureyri.
- Mánaðaruppgjöri, umsjón og skráningum í orlofskerfinu Frímanna fyrir hönd STF.
- Samskiptum við aðildarfélög og stjórnir þeirra.
- Samskiptum við félagsmenn.
- Hönnun kynningarefnis og almenn skrifstofustörf.

Umsóknafrestur er til og með 25. apríl næstkomandi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júlí eða fyrr.

Hæfniskröfur umsækenda eru:

- Þekking/reynsla af upplýsingatækni.
- Þekking/reynsla af kynningar- og menntamálum.
- Mjög gott vald á íslensku í máli og ritun, ásamt kunnáttu í ensku í máli og ritun.
- Góð tölvukunnátta; Word, Excel, Powerpoint og Outlook, ásamt dk bókhaldskerfi er kostur.
- Góð þjónustulund ásamt þekkingu á starfssemi stéttarfélagar er kostur.

Starfstöð er á skrifstofu STF í Hlíðasmára 8, Kópavogi. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað. Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið johannb@stf.is

Nánari upplýsingar um starfið er í síma 8989929 hjá Jóhanni Baldurssyni, forseta og framkvæmdastjóra STF.

Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmári 8 · 201 Kópavogur · Sími 553 5040 · www.stf.is

Aðalfundur og rafrænt stjórnarkjör Lífsværks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík – aðalfundur þriðjudaginn 26. apríl kl. 17.00

Dagskrá fundar:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Önnur mál, löglega upp borin

Rafrænt stjórnarkjör 12. til 22. apríl

Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðfélaga á www.lifsverk.is dagana 12. – 22. apríl. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal nú kjósa um eitt stjórnarsæti til þriggja ára. Í framboði eru Bergur Ebbi Benediktsson og Georg Lúðvíksson. Kynningar frambjóðenda eru á vefsvæði sjóðsins. Allir sjóðfélagar njóta kosningaréttar og á það einnig við um elli- og örorkulífeyrisþega. Eru sjóðfélagar hvattir til að nýta kosningarétt sinn.

Ávöxtun 2022:	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Samtryggingardeild	16,7%	11,9%
Lífsværk 1	22,1%	17,3%
Lífsværk 2	14,4%	9,6%
Lífsværk 3	3,1%	-1,7%

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is


Um Lífsværk lífeyrissjóð:

Lífsværk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða en allir geta greitt til séreignardeilda sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a.

- Sjóðfélagalýðræði
- Rafrænt stjórnarkjör
- Góð réttindaávinnsla
- Hagstæð sjóðfélagalán


Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2022 var samtals 149,5 milljarðar kr. og hækkaði um 26,5 milljarða kr. á árinu. Hrein eign í samtryggingardeild var 120,5 milljarðar kr. og hækkaði um 20,5 milljarða kr. á árinu. Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 0,2% miðað við breyttar forsendur á reiknigrunni um lífslíkur. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 6,9% sl. 5 ár og 6,1% sl. 10 ár.

Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar



LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Nú skal Svandísi Svavarsdóttur og Vinstri græna reyna



Ole Anton Bieltvedt
stofnandi
Jarðarvina

Við í Jarðarvinum höfum rekið tvö sakamál gegn forráðamönnum Hvals hf., vegna brota þeirra á reglugerðum fyrir matvælaöryggi við verkun hvals og skilyrðum og ákvæðum hvalveiðileyfa, þar sem sekt forráðamanna félagsins hefur sannað.

Er annars vegar um lögglumál nr. 313-2018-19923 að ræða, þar sem það sannaðist, að Hvalur hf. hafði í nær áratug brotið ákvæði 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 489/2009 um það, að hval skyldi verka undir þaki, í lokuðu rými, til að tryggja hreinlæti og matvælaöryggi, en það var ekki gert, heldur verkað úti, undir berum himni.

Refsirammir fyrir þessi brot: Sektir eða fangelsi allt að 2 árum skv. 22. gr. reglugerðarinnar.

Hins vegar er um lögglumál nr. 313-2019-8012 að ræða, þar sem það sannaðist, að Hvalur hf. hafði brotið 5. gr. veiðileyfis fyrir árin 2014-2018, um skilaskyldu veiðidagbóka fyrir þetta tímabil, sem félagið virti að vettugi. Því máli

var lokið með lögreglustjórasækt í júlí 2020.

Það liggur því fyrir, að forveri þinn, Kristján Þór Júlíusson, vann ekki á grundvelli heilinda og góðrar og heiðarlegrar stjórnýslu, þegar hann veitti Hval hf. nýtt og umfangsmikið veiðileyfi fyrir árin 2019-2023, til veiða á allt að 2.130 hvólum, 5. júlí 2019.

Skilasvik Hvals hf. á veiðidagbókum, skv. veiðileyfi, sem fyrirtækið fékk 5. maí 2014, horfa svona við:

Veiðidagbækurnar átti að færa fyrir hvern veiðitúr, og áttu þær að sýna um 16 atriði varðandi staðsetningu, upphaf veiða, framkvæmd veiða, þ. á m. hversu mörgum skutlum var skotið á hvert dýr, á hversu löngum tíma, hversu mörg dýr gátu rífið sig laus og sluppu, en út frá þessum upplýsingum mátti dæma, hversu skjóttur eða langur dauðdagi dýranna hafi verið, hvort þau hafi sloppið illa særd, hvort kýr hafi verið með kálfi, sem var drepinn með, hvort á alfríðaða steypireyði hefði verið skotið, í stað langreyðar, o.s.frv.; hvort flokka mætti veiðar undir dýraníð (sem þær í grundvallaratriðum auðvitað eru).

Þessar veiðidagbækur voru einasta gagnid, sem Fiskistofa og ráðuneytið höfðu til aðhalds og eftirlits með því, að rétt og löglega væri staðið að veiðum og ákvæðum veiðileyfis fylgt.

Afhending dagbókanna var því algjört skilyrði fyrir veiðileyfinu.

Átti að afhenda bækurnar árlega, eftir hvert veiðitímabil.

Hvalur hf. afhenti hins vegar aldrei eina einustu veiðidagbók fyrir nefnt árabíl, þrátt fyrir eftirgangsmuni og kröfugerð Fiskistofu.

Á góðri íslenzku sagt: Hvalur hf. gaf skit í Fiskistofu, ráðuneytið og skyldur sínar við þessar stofnanir skv. því veiðileyfi, sem veiddar 2014-2018 byggðu á og Hvalur hf. hafði þó samþykkt og staðfest fyrir veiðar.

Hefði þetta athæfi Hvals hf. auðvitað átt að leiða til afturköllunar leyfa og stöðvunar veiða.

En í stað þess að afturkalla, veitti Kristján Þór Júlíusson Hval hf. hærrí hvalveiðikvóta en nokkru sinni fyrr, fyrir árin 2019 til 2023, þann 5. júlí 2019, sem teljast verður síðlaus og forkastanleg gjörð, stjórnýslulegt hneyksli og hneisa fyrir ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.

Við viljum því trúá því og treysta, að þú, Svandís Svavarsdóttir, nýr sjávarútvegsráðherra, hafir snör og heiðarleg handtök með það, að leiðrétta misgjörðir forvera þíns og koma stjórnun hvalveiðimála í rétt, siðlegt og löglegt form, með því að afturkalla gildandi veiðileyfið fyrir 2019-2023 og stöðva þá brotastarfeimi, það dýraníð og þau skemmdarverk á ímynd landsins, sem viðgengist hafa allt of lengi.

Loks má minna á, að engin önnur þjóð leyfir veiðar á langreyði, næst stærsta og einhverju þróaðasta spendýri veraldar. ■

Eftir miðnætti ganga djöflarnir lausir



Hannes Sigurðsson
miðbæjarbúi

Gamli miðbærinn er djásnið í krúnu hvernar borgar. Þar á sagan, menningin, helstu söfnin og margar mikilvægar stofnanir heima og þangað flykkist fólk til að njóta lífsins og skemmta sér. Skiljanlega. Erlendir ferðamenn sækjast einnig aðallega eftir að vera hérna í miðbænum og hafa yfirleitt lítinn áhuga á að gista í úthverfum þeirra borga sem þeir heimsækja, með allri virðingu fyrir þeim sem þar búa. En hér lýkur samlikingunni. Engin sómakær borg í heiminum nema Reykjavík leyfir veitingamönnum að blasta tónlist út á götu og bareigendum að spila dúndrandi dansmúsík fram til hálf fimm á morgnana í miðri íbúabyggð, algjörlega óáreittir, eins og ekkert væri sjálfsgaðara. Um hverja helgi rignir djammþyrstum Íslendingum, sem vilja sletta ærlega úr klaufunum, niður í miðbæinn með tilheyrandi hávaða, sóðaskap og látum.

Þögn er sama og samþykki

Og hvað gera borgaryfirvöld í málinu? Nákvæmlega ekkert. Þvert á móti hafa þau leyft þessari ómenningu að grassera og vaða fullkomlega stjórnlaust uppi. Þetta sinnuleysi bitnar ekki aðeins harkalega á langþreyttum íbúum, heldur einnig öllum þeim ferðamönnum sem hreiðrað hafa um sig á þeirri hótél- og gistiheimilanylendur sem miðborgin er orðin. Þeir sækjast í mannlíf og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, en þeir eru aftur á móti hundfulir með að geta ekki fengið að sofa værum svefni fyrir drunum og dýnkjum á næturnar.

Gististaðirnir hafa ekki farið varhluta af þessari óánægju, enda kvarta gestirnir stöðugt undan hávaðanum og krefjast oft að fá rífligan afslátt eða jafnvel endurgreiðslu vegna þess ónæðis sem þeir hafa orðið fyrir. Nægir í því sambandi að minnast á viðtal við Kristófer Oliverson, formann Félags fyrir-tækja í hótélrekstri og gistiþjónustu og framkvæmdastjóra Center Hotels-keðjunnar, undir fyrirsögninni: „Umtalsvert um endurgreiðslu vegna hávaða“ (Morgunblaðið 2. júní 2021). Ferðalangarnir kveðja því klakann hvað eftir annað súrir í bragði, sem setur svartan blett á orðspor borgarinnar og raunar landið allt.

Lengi getur vont versnað

Borgarstjórnin hefur miklar áhyggjur af bilamengun og hvernig draga megi úr henni með öllum ráðum, en hávaðamengun er greinilega of ósýnilegt fyrirbæri til að vert sé að gefa henni gaum. Það virðist ekki koma borginni við frekar en önnur umkvörtunarefni íbúanna.

Hún hlustar ekkert á þetta fólk og skellir við skollaeyrum, hefur greinilega aðeins áhuga á að hirða af því fasteignagjöldin og rukka fyrir sorphirðu og bílastæðabrot. Æðstu ráðamenn borgarinnar eru umkringdir herskara millistjórnenda þannig að þeir þurfa ekki persónulega að fást við neinar óánægjuraddir á sínum verndaða vinnustað. Úr bergmálshelli þeirra fréttist aðeins hvað borgin sé æðisleg, sama hvað menn kvarta og kveina, milli þess sem meirihlutinn skálar fyrir því hvað hann stendur sig stórkostlega vel. Það má annars furðu sæta hvað yfirvöldum virðist vera alveg slétt sama um allan þennan hávaða og óspektir í miðbænum. Viðast hvar

annars staðar gilda um þetta mjög strangar reglur. Lögreglan í París myndi loka börum með svona gauragang í einum grænum og leysa upp götupartíð. Að visu er kveðið skýrt á um það í íslenskum lögum að allir eigi rétt á svefnfriði, það er bara ekkert farið eftir því.

Margir íbúar miðbæjarins hafa búið hér árum og áratugum saman og vilja hvergi annars staðar vera. Þeir neita einfaldlega að yfirgefa heimili sín og hrökklast á brott vegna tilætlunarsemi kráareiganda. Allan þennan tíma hafa borgaryfirvöld forðast eins og heitan eldinn að takast á við vandamálið, hvorki sýnt íbúum neinn skilning né gert minnstu tilraun til að finna einhverjar málamiðlanir. Þau virðast eingöngu hafa samúð með veitingamönnum, svo mjög að halda mætti að markmiðið væri að gera Reykjavík að mestu partíborg Evrópu og slá þannig heimsmet í svalli, gubbutollum og götuslagsmálum. Það verður að teljast afar vafasamur heiður.

MDE skerst í leikinn

Morena nokkur Gómez fór í mál við borgarstjórn Valensíu á Spáni eftir að hafa árum saman talað fyrir daufum eyrum þarlandra ráðamanna um nákvæmlega sama hlutinn og hér er til umfjöllunar. Til að gera langa sögu stutta hafði hún átt heima í miðbæ Valensíu síðan 1970, en fjórnum árum síðar byrjaði borgarstjórnin að veita krám, börum og diskótekum rekstrarleyfi á svæðinu alveg hægri-vinstri án tillits til íbúanna. Næsta áratug stóðu íbúarnir í stöðugu stappi við borgina uns Gómez ákvað að lögsækja hana. Málið fór fyrir hæstarétt Valensíu árið 1997 og þaðan, eftir mikið japl, jaml og fuður, til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem stefndi spænska ríkinu fyrir brot á stjórnarskrárvörðum réttindum hennar. Það er skemmt frá því að segja að Gómez hafði betur og voru henni úrskurðaðar himinhár miskabætur þegar dómurinn féll árið 2005. Ekki tjónkaði fyrir ríkið/borgina að varpa ábyrgðinni frá sér með því að skella skuldinni á þá staði sem hávaðanum ollu, því öll tilskilin leyfi fyrir starfsemi komu frá yfirvöldum.

Hvar er löggan og eftirlitið?

Framkoma næturklubbanna er ekkert annað en hljóðþyndingar, hreint ofbeldi, í boði borgarinnar sem lætur kveinstafi íbúanna sem vind um eyru þjóta. Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur hafa einnig margoft farið þess á leit við yfirvöld að aflétta þessum ófögnuði, en allt kemur fyrir ekki. Og enga hjálp er heldur að fá hjá lögglunni þegar eftir því er leitað, enda þótt henni beri skylda samkvæmt lögglusamþykkt Reykjavíkur til að hafa afskipti af þeim lögbrotum sem borgin lætur hér viðgangast ár eftir ár. Nú er varla annað eftir en að beina málinu til dómstóla.

Íbúar miðborgarinnar eru fjölbreyttur hópur með ólíkar stjórnmalaskoðanir. Um eitt erum við þó hjartanlega sammála, við viljum losna við þennan hávaða og það strax! Núverandi meirihluti hefur hunsað okkar raddir allt of lengi og traðkað á friðhelgi einkalífsins með sínu meðvirka aðgerðaleyfi. Kannski er eina leiðin til úrbóta að kjósa þetta fólk í burtu sem svo hrappalega hefur vanrækt skyldur sínar með þeim hætti sem hér frá greinir. Það ætti að minnsta kosti að biðjast afsökunar og lofa bót og betrun áður en íbúar miðbæjarins fara í Ráðhúsið að kjósa.

Hægt er að skrá sig á undirskriftalistann „Kjósum hávaðann burt!“ og nálgast lengri útgáfu af þessari grein á Facebook. ■

Smart modular á Íslandi kynnir:
Einstakt tækifæri!



UPPSETNING
INNIFALIN
Í VERÐI

72 m² lykklíart hús - heilsárshús - samsett úr tveim einingum.

Vandað tilbúið hús sem er hið á undirstöður, tengt og er svo klárt til notkunar, í flestum tilfellum samdægurs.

Þessa dagana erum við að vinna að því að flytja húsinn okkar frá verksmiðju ytra til Íslands.

Eftir er eitt hús, 72 fm. sem er eins og er óselt.

Eins og markaðurinn er nú þá fara verð á vörum úr timbri hækkandi. Þess vegna verða svona tækifæri ekki í boði, á næstunni að minnsta kosti, enda hefur hingað til stór hluti timburs komið frá Rússlandi í hús sem framleidd eru í Austur-Evrópu.

- Gólfhiti og hægt að tengja við hitaveitu
- Allar lagnir eru til staðar
- Allar raflagnir eru til staðar
- Vatnsgólfhiti er í öllum rýmum
- Öll ljós tenglar og rofar eru til staðar
- Allir gluggar hurðir og innihurðir eru til staðar
- Eldhús afhendist fullbúið með vandaðri innréttingu með eyju
- Einangruð gólf eru í húsunum og engin þörf á að steypa botnplötu
- Húsin eru einangruð með steinull 150mm í útveggjum - 200mm í loftum og gólfum

Smart modular á Íslandi

Klettatröð 2 | 235 Reykjanesbær | S. 7839211 | info@icesmartmodular.net

DAGSKRÁ HRINGBRAUTAR

Nýir upplýsandi, fróðlegir og stundum
ögrandi sjónvarpsþættir, hefja göngu
sína í vetur.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
 FRÉTTAVAKTIN Kl. 18.30 og kl. 20.30	 FRÉTTAVAKTIN Kl. 18.30 og kl. 20.30	 FRÉTTAVAKTIN Kl. 18.30 og kl. 20.30	 FRÉTTAVAKTIN Kl. 18.30 og kl. 20.30	 FRÉTTAVAKTIN Kl. 18.30 og kl. 20.30	 VEIÐIN Kl. 19.30 og kl. 21.30	
 DRAUGASÖGUR Kl. 19.00 og kl. 21.00	 MATUR OG HEIMILI Kl. 19.00 og kl. 21.00	 MARKAÐURINN Kl. 19.00 og kl. 21.00	 MANNAMÁL Kl. 19.00 og kl. 21.00	 ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ Kl. 19.00 og kl. 21.00	Dagskrá vikunnar er endursýnd alla helgina	
 UNDIR YFIRBORÐINU Kl. 19.30 og kl. 21.30	 ÚTKALL Kl. 19.30 og kl. 21.30	 SAGA OG SAMFÉLAG Kl. 19.30 og kl. 21.30	 SUÐURNESJA- MAGASÍN Kl. 19.30 og kl. 21.30	 DRAUGASÖGUR (e) Kl. 20.00 og kl. 22.00		
 EIMSKIP Kl. 20.00 og kl. 22.00	 433 Kl. 20.00 og kl. 22.00	 BÍÓBÆRINN Kl. 20.00 og kl. 22.00	 PRESSAN Kl. 20.00 og kl. 22.00			

Þú finnur Hringbraut á:

Rás 7 á Sjónvarpi Símans

Rás 25 á myndlykli vodafone

Stöð 2 appinu

Nova appinu

*Birt með fyrirvara um breytingu



HRINGBRAUT

VINNINGASKRÁ

4. flokkur 2022
Útdráttur 5. apríl 2022

HAPPDRETTI

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi



AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000
64404

PENINGAVINNINGAR kr. 500.000
13428 16020 18497 23971 44969 48068 48105 63259 64981 65382

PENINGAVINNINGAR kr. 100.000

168	8457	15222	17995	24685	28134	32695	38823	45260	51508	57807	61598	66543	75728	77960
3205	10674	15423	18640	25158	29160	34648	39360	45367	52596	58520	62690	66616	76815	79415
4463	11166	15507	20086	25554	30050	35973	39860	47408	53169	58804	63260	66967	76982	
4596	11380	15673	20597	26894	30192	36654	41578	47411	54151	58930	63451	67049	77322	
6365	11754	16167	21722	27082	30529	37212	42893	47710	54349	59509	63500	70958	77595	
6565	12564	17130	22597	27747	30788	37645	44613	49205	56635	59701	63805	74908	77615	
6643	13248	17341	24572	28118	31746	38025	44966	49387	57218	60540	64867	75234	77813	

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

74	6126	8605	13700	17773	23468	31304	35362	41683	45733	50401	54748	59100	64009	66480	70400	75513
954	6449	8735	14701	18214	24578	31490	35849	42304	45777	50439	54978	59363	64595	66645	70809	75795
1261	6456	9089	14702	18316	26059	31715	35992	42414	46612	51038	55507	59471	64719	66876	71759	76208
1287	6769	9970	14780	18470	26433	31749	37250	42709	47219	51125	55604	60788	64927	66985	72203	76756
1476	7279	10286	14875	19454	27390	32314	37765	42882	47576	51205	56158	61132	65035	67103	72687	77415
2074	7470	10519	15075	19718	27611	32418	38308	42987	47987	51482	56871	61623	65150	67337	73030	77826
2369	7501	10652	15534	20500	27928	33563	38569	44311	48370	52783	57221	62226	65181	67517	73033	77924
2589	7815	11805	15769	20563	28380	33893	38964	44317	48529	52967	57804	62678	65607	67530	73288	79865
4058	7942	11844	16231	20785	28811	34004	39092	44752	48773	53567	58063	63118	65747	68490	73571	
4152	8027	12579	16821	22236	29251	34106	39663	45060	48980	53803	58298	63151	66304	69347	74062	
4307	8341	12787	17103	22366	30191	34139	39694	45132	49667	54606	58419	63209	66347	70046	74102	
5118	8414	12922	17705	22917	30870	34441	39958	45396	50062	54634	58561	63522	66442	70075	74368	

VÖRUÚTTEKT kr. 30.000

230	5447	10033	14785	19758	25130	29389	34372	38852	43532	48564	53970	58713	63512	68091	73714	78681
597	5453	10050	14862	19801	25141	29465	34558	39048	43643	48721	54020	58749	63594	68169	73733	78745
606	5494	10062	14950	19920	25167	29546	34738	39140	43667	48808	54031	58889	63894	68315	73754	78780
878	5615	10568	15262	19927	25198	29637	34741	39263	43826	49024	54139	58895	64262	68434	73931	78920
1472	5712	10771	15372	20052	25366	29647	34753	39281	44104	49034	54173	58982	64419	68714	74006	78982
1487	5850	10968	15379	20301	25387	29664	34897	39466	44234	49270	54257	58996	64440	68954	74026	79348
1492	6281	10980	15421	20485	25580	30002	34900	39549	44282	49299	54438	59000	64646	68990	74042	79507
1649	6286	10996	15474	20604	25700	30043	35132	39637	44396	49444	54480	59214	64755	69141	74182	79520
1787	6305	11143	15591	20740	25828	30115	35329	39679	44684	49517	54508	59232	64826	69226	74486	79537
1874	6369	11244	15702	20748	25838	30136	35508	39686	44845	49551	54531	59318	64854	69314	74498	79681
2065	6383	11626	15752	20856	25923	30151	35598	39751	44965	49593	54535	59391	64866	69445	74551	79754
2093	6411	11642	15957	20950	26137	30239	35845	39899	45068	49632	54686	59450	64870	69524	74617	79801
2134	6641	11649	15980	20974	26154	30246	35953	39909	45432	49835	54706	59551	64990	69536	74685	
2243	6646	11677	16033	21072	26160	30336	35969	39950	45542	50295	54735	59699	65002	69686	74753	
2287	6766	11980	16229	21334	26169	30357	36149	40119	45582	50391	54949	59757	65010	69996	75033	
2444	6792	12109	16432	21446	26170	30359	36182	40482	45584	50450	55044	59786	65118	70256	75061	
2467	6809	12111	16737	21663	26191	30545	36238	40494	45629	50459	55165	59787	65145	70398	75077	
2562	6864	12251	16794	21783	26217	30560	36377	40832	45687	50460	55229	59848	65194	70482	75140	
2639	6929	12354	16960	21796	26232	30574	36412	41024	45745	50852	55241	60001	65304	70524	75737	
2668	6938	12539	16972	21845	26452	30820	36504	41070	46126	51081	55446	60009	65712	70591	75918	
2883	7041	12650	17113	21885	26512	31303	36526	41439	46188	51083	55473	60306	65803	70724	76012	
2994	7243	12671	17421	22080	26562	31330	36565	41516	46255	51270	55647	60350	65901	71017	76021	
3038	7511	12676	17529	22105	26662	31364	36724	41532	46299	51445	55898	60429	66363	71056	76166	
3351	7714	12790	17684	22139	26759	31387	36729	41558	46358	51481	56020	60499	66429	71157	76232	
3470	7763	12991	17691	22149	26731	31645	36739	41599	46485	51557	56147	60554	66499	71309	76304	
3958	7900	13028	17767	22345	27502	31695	36813	41737	46570	51783	56308	60635	66571	71495	76307	
3991	8002	13033	17851	22623	27513	32107	36913	41759	46691	51812	56319	61049	66594	71718	76434	
4040	8021	13345	18069	22690	27752	32267	36970	41813	46777	51995	56384	61104	66635	71723	76475	
4081	8081	13363	18089	22806	28184	32281	36999	41820	46878	52067	56444	61114	66662	71799	76997	
4213	8109	13400	18117	22949	28386	32606	37027	41836	47005	52142	56486	61206	66864	72133	77078	
4270	8152	13427	18133	23414	28573	32643	37167	41984	47057	52212	56574	61784	67102	72138	77217	
4376	8337	13518	18143	23428	28624	32722	37169	42042	47129	52357	56575	61926	67255	72549	77245	
4470	8376	13583	18352	23433	28626	32804	37424	42277	47182	52452	56578	62015	67410	72655	77380	
4543	8438	13605	18445	23639	28727	33231	37434	42329	47273	52492	56743	62429	67433	72685	77388	
4607	8448	13614	18473	24030	28731	33335	37530	42392	47282	52689	56748	62588	67454	72791	77397	
4641	8452	13753	18911	24102	28755	33379	37561	42439	47339	52706	57213	62693	67487	72831	77555	
4724	8657	14163	18988	24217	28820	33673	37998	42654	47687	52712	57293	62754	67588	72922	77597	
4814	8671	14190	19039	24360	28825	33861	38098	42658	47938	52918	57586	62787	67611	73244	78222	
4837	8924	14290	19072	24522	28888	34009	38450	42684	47954	53409	58073	62925	67613	73274	78408	
4863	9737	14301	19208	24647	29040	34038	38507	43185	48259	53465	58140	63200	67623	73477	78464	
5161	9902	14348	19314	24721	29043	34176	38561	43190	48281	53572	58305	63252	67657	73501	78550	
5242	9944	14577	19517	24775	29228	34181	38663	43354	48348	53680	58333	63256	68072	73562	78575	
5435	10024	14739	19622	24925	29370	34185	38713	43481	48430	53868	58468	63338	68085	73687	78646	

PENINGAVINNINGAR kr. 25.000

9	4425	8961	14126	18315	22945	28577	32337	36712	41094	46461	51104	55799	59664	64202	69151	74725
38	4552	8988	14471	18332	23075	28663	32385	36873	41418	46579	51187	55868	59732	64269	69180	74869
115	4559	9077	14474	18351	23205	28899	32390	36998	41491	46885	51418	55939	59821	64332	69507	75029
174	4686	9275	14532	18370	23306	28914	32552	37053	41566	46904	51503	56069	59868	64357	69688	75084
334	4755	9318	14729	18564	23376	28982	32569	37148	41655	46918	51645	56076	59969	64480	69706	75185
399	4852	9635	14740	18619	23471	29052	32886	37162	41711	46932	51652	56161	60066	64619	69752	75190
448	4996	9660	14935	18743	23501	29126	32995	37230	41745	47054	51997	56271	60096	64688	69821	75206
818	5084	9688	14939	18830	23580	29154	33087	37248	41951	47203	52160	56451	60239	64722	69894	75214

FIMMTUDAGUR 7. apríl 2022

Það er
gott
að
skapa

í Kópavogi

barna
MENNINGARHÁTÍÐ
Í KÓPAVOGI

5.-9. apríl

Dagskrá og allar
nánari upplýsingar:
meko.isMEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI

Inga Briet Valberg (t.v.) og Friðrika Eik Z. Ragnars eru skapandi stelpur sem ætla að verja miklum tíma á Barnamenningarhátíðinni í Kópavogi. Hátíðin hófst á þriðjudag og fjöldi viðburða eru í boði en hápunktur hátíðarinnar er á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skapa list í Vatnsdropanum

Ímyndunarafl og ævintýri verða í forgrunni á Barnamenningarhátíðinni í Kópavogi sem hófst á þriðjudag. Fjöldmargir viðburðir verða í boði næstu daga. **2**

Júlíus pónýhesta-einhyrningur, Dans-stelpan, Doppa, Hugsunarvélmanni og Rauðpanda dvelja nú á Bókasafni Kópavogs yfir Barnmenningarhátíðina. Þau hafa hvert um sig mismunandi ofurkrafta og nota þá alltaf þegar kallað er eftir þeirra hjálp. Þessar ofurhetjur eru hluti af sýningunni „Söguhetjur ævintýranna“ sem 120 leikskólabörn í Kópavogi unnu í samstarfi við Bókasafn Kópavogs. Um er að ræða litríka sýningu sem hverfist um ímyndunaraflíð og ævintýrið.

Og hvað gera slíkar söguhetjur alla daga? Jú, þær fljúga, berjast við bófa, skjóta á vondu drekana, töfra fram blóm, hjálpa þeim sem eru í vanda og eru með græna, gula og bláa krafta.

Á meðan söguhetjurnar fremja hetjudáðir eru þær Friðrika Eik Z. Ragnars og Inga Briet Valberg að skapa sína list í Vatnsdropanum, alþjóðlegu barnmenningarverkefni sem Kópavogur gengst fyrir í samvinnu við H.C. Andersen-safnið í Öðinsvéum, Múmínsafnið í Tampere og Undraheim Ilon Wiklands í Haapsalu í Eistlandi. Vatnsdropinn hverfist um norrænar barnabókmenntir, í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og umhverfismál.

Spenntar fyrir dagskránni

Friðrika Eik og Inga Briet taka þátt í Barnmenningarhátíð og eru mjög spenntar fyrir fjölbreyttri dagskrá hátíðarinnar á laugardaginn. Þær ætla báðar að taka þátt í Örsögusamkeppninni sem snýst um að skrifa sögu á hálf tíma. „Mér finnst svo gaman að skrifa og ég



hef skrifað margar sögur,“ segir Friðrika. „Ég fer líka á útgáfuhófið þegar smásögur eftir 5. bekkina verða gefnar út því ég á eina sögu þar.“

Ingu finnst Örsögusamkeppnin líka mjög spennandi. „Svo finnst mér gaman að hlusta á tónlist og Leikhópurinn Lotta er alltaf skemmtilegur.“

Fræðslufjör og danspartí

„Hei, Marimbasveitin er spennandi,“ heyrir í Ingu. „Hvað er það?“ spyr Friðrika um leið. „Það veit ég ekki en nafnið er bara spennandi. Ég ætla að vera allan daginn í Menningarhúsunum því

þar verða svo margir skemmtilegir viðburðir,“ segir Inga ákveðin. „Ég ætla líka á Fræðslufjör með Sævari Helga því alltaf þegar ég horfi á þátt með Sævari Helga, eins og þegar hann kom á ráðstefnu Vatnsdropans, þá er svo gaman að hlusta á hann og fræðast. Ég læri alltaf svo mikið hjá honum.“ Friðrika ætlar líka á Fræðslufjör með Sævari Helga. „Svo elska ég ratleiki og ætla að fara í þá sem verða á laugardaginn,“ bætir hún við.

Þær eru sammála um að danspartíið með Friðriki Agna og Önnu Claessen verði skemmtilegt. „Mér finnst svo gaman að dansa,“ segir Inga og stekkur upp úr

Söguhetjur ævintýranna hverfast um ímyndunaraflíð og á laugardag er fjölbreytt Barnmenningardagskrá í Menningarhúsunum Kópavogs.

MYND/
GUNNAR BJARKI

heppin, setjum upp sýningar og hátíðir og hittum sérfræðinga. Mér finnst það líka og þetta er æðislega gaman.“

En hvað skyldi þeim finnast eftirminnilegast hingað til í Vatnsdropanum?

Friðrika er ekki lengi að svara: „Þegar við förum til Baltasars að læra hvernig við getum gert vídeó á spjaldtölvurnar okkar,“ og Inga bætir við: „Já, það var æðislegt. Þar fékk ég hugmyndina að ljósmyndaverkefninu mínu. Það var mjög gaman að heimsækja Baltasar.“

Það er ekki komið að tómun kofanum hjá þessum einstaklega skapandi stelpum svo við gátum ekki stillt okkur um að spyrja um framtíðina. „Ég ætla að verða leikari eða sjónvarpskona,“ segir Inga ákveðin. Friðrika hugsar sig aðeins um og segir svo: „Ég ætla að verða kokkur eða leikskólakennari því mér finnst svo gaman að vera í kringum lítil börn, teikna með þeim og hjálpa þeim að nota ímyndunaraflíð.“ ■



barna

MENNINGARHÁTÍÐ

Í KÓPAVOGI 5.-9. apríl

Það er gott að skapa

í Kópavogi



Sýningar

5. - 25. apríl

Söguhetjur ævintýranna

Sýning í barnaeild Bókasafns Kópavogs á verkum 120 leikskólabarna í Kópavogi.

5. - 25. apríl

Smásögur Vatnsdropans

Sýning í Bókasafni Kópavogs á smásögum eftir börn úr 5. bekk í grunnskólum Kópavogs.

5. - 9. apríl

Leggjum línurnar

Sýning á Náttúrufræðistofu á verkum 400 nemenda í 10. bekk í Kópavogi sem tóku þátt í samnefndu loftslagsverkefni Náttúrufræðistofunnar.

9. - 10. apríl

Sólarprent

Sýning í Gerðarsafni á verkum nemenda í 1. bekk í Kársnesskóla og Smáraskóla.

Ratleikir

Allra veðra von!
á Náttúrufræðistofu Kópavogs

Heimur á ævintýranna
á Bókasafni Kópavogs

MEKO

Hátíðardagskrá
9. apríl

11:00	Páskaföndur	Lindasafn
12:00	Leikhópurinn Lotta	Bókasafn Kópavogs
12:30	Allra veðra von!	Náttúrufræðistofa Veður- og loftslagsspjall með Sævari Helga.
12:40	Hér á ég heima	Salurinn Kóran úr Hörðuvallaskóla, Kársnesskóla og Smáraskóla.
13:00	Barnakór Smáraskóla	Bókasafn Kópavogs
13:00	Sjóndeildarhringurinn	Gerðarsafn Grafíksmíðja fyrir fjölskyldur.
13:15	Skólakór Hörðuvallaskóla	Salurinn
13:30	Skólakór Kársness	Gerðarsafn
13:30	Allra veðra von!	Náttúrufræðistofa Veður- og loftslagsspjall með Sævari Helga.
13:45	Marimbasveit Smáraskóla	Salurinn
14:00	Búkolla	Salurinn Tónlistarævintýri eftir Gunnar Andreas Kristinsson.
14:30	Danspartý	Salurinn
15:00	Örsögusamkeppni Vatnsdropans	Bókasafn Kópavogs
15:30	Rokksveitin Hvassviðri	Salurinn
16:00	Nordjysk pigeekor og Skólakór Kársness	Kópavogskirkja

MEKO.IS



NeroGiardini
MADE IN ITALY



hjá
Hrafnhildi



Ekki láta selja þér hvað sem er



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Marianna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur, leggur áherslu á að fagfólk ráðleggi við val á húð- og snyrtivörum.

„Mér finnst þörf umræðan um að fólk láti ekki selja sér hvað sem er. Ég segi það, því ég hef ofnæmi fyrir söluræðum. Á einum stærsta markaði heims, sem er snyrtivörubransinn, reyna flestir að selja sem mest og þá gleymist oft að huga að persónulegum þörfum hvers og eins. Þá er eins og fagmennskan dvíni samhliða því að ná árangri í sölu og virðist þá engu skipta hver selur. Við bætast svo áhrifavaldar sem fá gefins ýmiss konar snyrtivörur og fá jafnvel greitt fyrir að mæla með þeim og segja að þær séu „bestu vörur sem þeir hafa prófað“ og allir rjúka til að kaupa, burtséð frá því hvort varan hentar þeim eða ekki. Og vegna þess að stóri snyrtivörurísinn fékk fræga leikkonu til að vera andlit vörunnar hlaupa aðdáendur leikkonunnar á eftir því. Þetta er auðvitað varhugavert og því segi ég enn og aftur: Ekki láta selja þér hvað sem er, og ekki láta blekkjast.“

Þetta segir Marianna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur. Marianna er eigandi MP Studio og starfar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, ásamt því að fara fyrir Fréttablaðið. Hún hlaut sérstök verðlaun úr hendi forseta Íslands fyrir framúrskarandi árangur í námi þegar hún útskrifaðist með sveinspróf í snyrtifræði.



Marianna Pálsdóttir er snyrtifræðingur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Gott fyrir húðina og budduna

Marianna er í startholunum með vikulega pistla um heilsu og fegurð í Fréttablaðinu. Hún leggur áherslu á að fólk leiti til fagfólks eftir ráðleggingum um val á snyrti- og förðunarvörum, og þar standi snyrtifræðingar upp úr.

„Margir sækja í að kaupa snyrtivörur á afsláttardögum. Þá er gott að hafa hugfast að kannski er ekki alls staðar fagfólk til aðstoðar heldur solumenn sem fá prósentur fyrir. Vissulega eru margir frábærir snyrtifræðingar innan um, en engu að síður er mikilvægt að vera viss um að það sé einmitt snyrtifræðingur þar sem ófaglært starfsfólk hefur ekki sömu sérfræðipækkingu til að ráðleggja viðskiptavinum sem best. Í námi snyrtifræðinga er til dæmis farið djúpt í lífefnafræði, lífeðlisfræði, efnafræði og húðsjúkdómafræði til að greina húð, ráðleggja fólki, vísa því áfram til lækna ef þarf, og mögulega koma í veg fyrir stórskada. Því skyldi alltaf spyrja hvort viðkomandi sé snyrtifræðingur, og ef svo er, hvort hann geti gefið sér smá tíma til að aðstoða þig við að velja réttar vörur fyrir þína húðgerð,“ segir Marianna.

„Að velja réttar snyrtivörur er líka mikilvægt fyrir budduna því í dag geta snyrtivörur kostað óheyrilega mikið. Hversu mikil vonbrigði eru að kaupa sér krem á fleiri tugi þúsunda sem svo virkar ekki eins og væntingar standa til, þig jafnvel sviður af eða liður illa með? Á sama tíma leyfir samviskan ekki annað en að þú klárir vöruna sem kostaði sitt enda ekkert grín að fara út í búð og kaupa sér hreinsivörur, djúphreinsa, serum, dagkrem, næturkrem og augnkrem, fyrir utan allar förðunarvörurnar, svo sem farða, púður, maskara, varalit og augnblyant. Fæstir hafa efni á því öllu og ef þeir á annað borð leyfa sér slíkan munað er eins gott að það sé valið út frá réttri húðgerð,“ segir Marianna og bætir við: „Einnig myndi ég alltaf hugsa mig tvisvar um ef ég gæti ekki fengið kremprufur, til að sjá hvernig húðin bregst við og mér líkar, því ef mér líkar vel við kremið kem ég hvort eð er aftur til að kaupa það.“

Engin krem gera kraftaverk

Lykil að því að kaupa réttar húðvörur segir Marianna vera að fara í húðgreiningu hjá snyrtifræðingi.

„Þá leggstu á bekk snyrtifræðings sem hreinsar húð þína, tekur við þig almennt spjall um hvernig þú hugsar um þig, hvort þú drekkir nóg vatn, hreyfir þig, borðir hollan mat, eða oft sterkan

Það eru ekki til kraftaverkakrem sem laga andlit yfir nótt. Við verðum að leggja inn fyrir því að líta vel út og að húð okkar sé glóandi fin og falleg.

mat, notir áfengi eða reykir, því svo margt hefur áhrif á útlit húðar, líka streita, mengun og óhófleg sóldýrkun. Ef við viljum fyrir alvöru huga að góðu heilbrigði húðarinnar og vita hvaða krem virka fyrir okkur þurfum við að leita til fagaðila, en ekki fara af stað í verslun í blindu trausti og kaupa krem í góðri trú um að það geri okkur gott. Við þurfum að vita hvernig húðgerð okkar er svo komist sé hjá því að nota til dæmis grófan kornamaska á mjög viðkvæma húð, sem getur verið jafn slæmt og að setja sandpappír á barnshúð,“ greinir Marianna frá.

Hún segir engin krem gera kraftaverk, sama hverju sé lofað. „Ef til mín kemur kona sem hefur reykt alla tíð eða er kannski með áfengisvanda, borðar ekki heilnæmt fæði og hugsar lítt um sig, en segir: „Æ, mig vantar gott krem til að laga þetta andlit,“ þá er ekki til það krem sem lagar andlit yfir nótt. Sama kona þyrfti heldur ekki að útlísta fyrir mér lífsstílinn; ég sé hvernig hann er því allt sem maður setur ofan í sig kemur fram í húðinni og þótt það hjálpi til að hreinsa húðina kvölds og morgna, og djúphreinsa með kornamaska tvisvar í viku, þá gerast engin kraftaverk á einni nóttu. Ef við erum bólgin undir augum þurfum við að íhuga hvort eitthvað sé í ólagi í nýrum eða lifur, því húðin endurspeglar það sem kemur innan frá. Við verðum því að leggja inn fyrir því að líta vel út og að húð okkar sé glóandi fin og falleg.“

Marianna bendir á annað mikilvægt atriði þegar keyptar eru húðvörur.

„Það er að mæta án farða og með hreina húð í snyrtivöruslanir. Annars getur snyrtifræðingur illa metið húð þína.“

List að draga fram fegurð fólks

Í starfi sínu á Hringbraut fær Marianna fjölda karla til sín í stólinn.

”

Mér finnst gaman að geta dregið fram það fallegasta í fólki. Það er list.

„Ég finn að karlar eru farnir að hugsa meira um húð sína en áður, en þeir eru enn svolítið feimnir. Öll erum við með húð, hvort sem við fæðumst sem kona eða karl, og ekki síður gott fyrir karlmenn að næra húð sína með góðu kremi. Þeir taka vel í ráðleggingar mínar og ég byrja alltaf á að velja krem fyrir hvern og einn. Margir eru með þurra og skorpna húð eftir harðan vetur og þykir þægilegt að fá krem og andlitsnudd. Við mannfólkið erum von því að heilsast með handabandi en að sama skapi óvön því að einhver nuddi á okkur andlitið og nærri húð okkar. Því tala margir um að þeir geti vart bedið eftir því að komast aftur í stólinn til mín,“ segir Marianna og hlær.

„Húðin er stærsta líffærið og við þurfum að skoða hana í stærra samhengi. Mitt besta ráð varðandi líkamann allan og umhirðu er að kaupa þurrbursta og burstu húðina annan hvern dag. Við það losna gamlar húðfrumur, húðin getur andað á ný og endurnýjað sig. Síðan að skola húðina og bera á hana góða, hreina olíu. Það er eins og að vera blóm sem er vökvað. Sjálfri líður mér aldrei betur en á eftir, ég finn húðina lifna við, örvun í öllu sogæðakerfinu og mikla vellíðan. Allt er þetta hluti af sjálfsást. Við þurfum að muna að það er heildrænt að hugsa um sjálfan sig og enginn galdur með kremi eða serumi á mettimi,“ segir Marianna.

Snyrtifræðingar eru einnig menntaðir í að sjá það sem hugsanlega þarf að skoða betur, svo sem roða, litabletti og vessa í húð.

„Ef vandamálið er utan okkar sviðs bendum við alltaf á húðlækna. Líka ef unglingsbólur eru með bólgum, sýkingum eða tilheyrandi skemmdum í húð, eða ef kona yfir fertugt fer allt í einu að fá bólur eða hárvöxt í andlit, þá veit maður að hormónarnir eru komnir í ójafnvægi. Þá má alls ekki fara í bakkgirinn, grípa til örþrífaraða og raka á sér andlitið, því til eru lausnir,“ segir Marianna.

Hún er í draumastarfinu. „Mér finnst gaman að geta dregið fram það fallegasta í fólki. Það er list. Ég er skapandi einstaklingur og var alltaf í uppáhaldi hjá myndlistar-, textil- og smíðakennurum. Það skiptir máli að vera góður mannþekkjari í þessu starfi og að kunna að lesa í andlitin og aðstæður því stundum er fólk mjög stressað fyrir viðtöl. Þá er hlutverk mitt að róa viðmælendur og koma þeim í toppmál áður en farið er í viðtölin, um leið og þeir líta sem allra best út.“ ■

Litríkir vorjakkar.

SKOÐIÐ LAXDAL .IS

Fylgið okkur á FB Laxdal er í leiðinni

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholtí 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ BOBBI BROWN Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI 7. -10. APRÍL.

 Lyf & heilsa



Lady Gaga var með klassískt útlit. Hún klæddist hvítum og svörtum Armani Privé-kjól og var með glás af demöntum frá Tiffany & Co.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Glæsilegir gestir á Grammy-verðlaunum

Stjörnurnar mættu í sínu fínasta pússi á Grammy-verðlaunahátíðina á mánudaginn en klæðnaðurinn var hefðbundnari og íhaldssamari í ár en oft áður á hátíðinni.

oddurfreyr@frettabladid.is

Grammy-verðlaunahátíðin fór fram í 64. sinn í Las Vegas á mánudag. Á þessari verðlaunahátíð er hefð fyrir því að stíga út fyrir

hinn hefðbundna tiskuramma og prófa eitthvað nýtt, en í ár voru gestir almennt frekar íhaldssamir í klæðaburði.

Flestir gestanna voru annað hvort í bleiku, svörtu eða pallíttum og óperuhanskar og sólgleraugu voru vinsæl á rauða dreglinum.

Það er ómögulegt að segja hvaða gestir voru glæsilegastir að þessu sinni, en hér eru nokkrir sem tiskumiðlarnir eru sammála um að hafi borið af. ■



Í ár voru gestir almennt frekar íhaldssamir í klæðaburði.



Lenny Kravitz vann rokkstig í hnéháum stígvélum með háum hæl, leðurboxum og silfurlituum bol sem minnti helst á hringabrynju.



Meðlimir hljómsveitarinnar BTS mættu í Louis Vuitton og pössuðu upp á að litirnir tónuðu vel saman en voru um leið með ólíka aukahluti.



Saweetie var í sérsaumuðum skærbleikum kjól frá Valentino og með glæsilega skartgripni frá vörumerkinu Messika.



Lil Nas X var glæsilegur eins og venjulega í þessum hvítu Balmain-fötum sem voru vandlega skreytt með perlum.



Dua Lipa mætti með ljóst hár og vakti lukku í þessum Versace-kjól sem er í sama stíl og kjóll sem sami hönnuður gerði árið 1992.



Jared Leto slær yfirleitt í gegn á rauða dreglinum og var að vanda flottur í Gucci og bykkri kápu.



Megan Thee Stallion var í Roberto Cavalli-kjól og með gullskartgripni. Fördun hennar vakti líka athygli.

HJÓLABLAÐ

Föstudaginn 22. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Hjólablað.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



ZHENZI Tael regnkápa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-52
Verð 14.990 kr



FRANSEN regnkápa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 40-52
Verð 35.980 kr



ZE-ZE úlpukápa
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð 11.990 kr



FRANSEN létt úlpa/vendingur
Fæst líka í dökkbláu
Stærðir 40-52
Verð 35.980 kr



ZHENZI Sire rennd hettupeysa
Stærðir 42-56
Verð 11.990 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZE-ZE
Nordic

OPHILIA



ZHENZI Karel stuttermabolur
Fæst líka í fjólubláu
Stærðir 42-56
Verð 7.990 kr



ZHENZI Sylva kvartermabolur
Fæst líka með snákamynstri
Stærðir 42-56
Verð 6.990 kr



SUNDAY kvartermabolur
Stærðir 38-50
Verð 9.980 kr



ZHENZI Teela skyrta
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr



GOZZIP Johanne Skyrtutunika
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-56
Verð 15.990 kr

SYBEL

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ZHENZI Kant leggings með krumpu á skálmum
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-56
Verð 3.990 kr



ZHENZI Jazzy kvartbuxur með vösum
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð 7.990 kr



ZE-ZE Sanne kvartbuxur með vösum
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð 8.990 kr



ZHENZI hnébuxur með vösum
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-56
Verð 7.990 kr



ZE-ZE/ZHENZI Pils með buxum undir
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-52
Verð 6.990 kr

Verslunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Notað United TV 20" flatskjár verð 3.000,-kr. Tala einungis ensku. Uppl. síma: 776 3667, Tómas.

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gullas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsuvörur



Auglýsing um deiliskipulag Seltjarnarnesbær

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Vesturhverfi – Miðbraut 33, tillaga að breytingu á deiliskipulagi Á 123. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 10. mars 2022 og á 944. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 23. mars 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhverfis vegna Miðbrautar 33. Í deiliskipulagstilögnum felst stækkun byggingarreits og hækkunar nýtingarhlutfalls úr 0,30 í 0,40. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 8. apríl 2022 til og með 23. maí 2022 og verður til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2. Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 23. maí 2022.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2022

Brynjar Þór Jónasson

Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



Seltjarnarnesbær

seltjarnarnes.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Grandavegur 47

Kjöreign kynnir bjarta 2ja herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi að Grandavegi 47 ásamt stæði í bílahúsi.

- Mikið útsýni er frá íbúðinni
- Góðar yfirbyggðar svalir og fallegt útsýni til vesturs.
- Góð sameign sem hefur upp á að bjóða veislusal, sauna, heitan pott og sturtur.
- Húsvörður er í húsinu.

Verð 45,9 millj.

Upplýsingar gefur:
Ásta María Benónýsdóttir
lögg. fasteignasali
asta@kjoreign.is
sími 897-8061

TRAUÐ OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Vilium hf., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætavíðgerðir-, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaflæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR **EFTIR**

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Ferðaðþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Lýkur á
laugardag
9. apríl



RÝMINGARSALA Á SKÍÐABÚNAÐI

30-50% afsláttur af flestum skíðavörum!



GG • SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Spá Fréttablaðsins

- | | | |
|--------------------|-------------------|-------------------|
| 1. sæti ? | 5. sæti KR | 9. sæti KA |
| 2. sæti ? | 6. sæti Stjarnan | 10. sæti ÍBV |
| 3. sæti ? | 7. sæti ÍA | 11. sæti Keflavík |
| 4. sæti Breiðablik | 8. sæti Leiknir R | 12. sæti Fram |

Breiðablik hafnar í 4. sæti

Það verður hart barist um efstu sæti deildarinnar í ár og samkvæmt spá Fréttablaðsins mun Breiðablik enda í því fjórða. Það væru sár vonbrigði fyrir Blika að enda í fjórða sæti eftir að

hafa barist um titilinn í fyrra. Liðið hefur hins vegar misst lykilmenn og óvíst er hversu öflug styrkingin er sem Óskar Hrafn Þorvaldsson hefur sótt í vetur.

Lykilmaðurinn



Viktor Karl Einarsson

Viktor Karl Einarsson skrifaði undir nýjan fjögurra ára samning við Breiðablik á dögunum sem eru gleðitíðindi fyrir Blika. Viktor Karl var frábær á síðustu leiktið og sannaði þá fyrir öllum hversu góður leikmaður hann er. Viktor býr yfir mikilli hlaupagetu en er einnig tæknilega sterkur. Hann er bæði góður sóknarmaður en einnig öflugur varnarmaður. Viktor er 25 ára gamall og á sér

þann draum að komast aftur út í atvinnumennsku. Hann fór ungur að árum til Hollands og reyndi svo fyrir sér í Svíþjóð áður en hann hélt aftur heim. Hann þarf að halda sama dampi frá síðasta sumri og þá munu félög koma með stóru seðlana í Kópavoginn og sækja Viktor. Eigi Blikum að takast að berjast um þá titla sem í boði eru í sumar, þarf Viktor að vera í sínu besta formi.



Viktor þarf að halda sama dampi ætli Blikar sér sigur í deildinni.

Vörn

Mikil breidd er í varnarlinu Breiðabliks en Óskar Hrafn hefur úr fjórum miðvörðum að velja. Breiðablik er með þá Damir Muminovic og Viktor Örn Margeirsson sem ná vel saman. Elfar Freyr Helgason hefur jafnað sig af erfiðum meiðslum og að auki bætti liðið Mikkel Qvist við hópinn. Danski varnarmaðurinn er stæðilegur með góðan vinstri fót. Höskuldur Gunnlaugsson var svo frábær sem hægri bakvörður á síðustu leiktið en á dögunum kom Adam Örn Arnarson heim úr atvinnumennsku, þar er mikil samkeppni. Vinstra megin er svo Davíð Ingvarsson sem er einn besti bakvörður deildarinnar og erlend lið hafa mikinn áhuga á honum.

Miðja

Það er ótrúleg breidd á miðsvæði Breiðabliks en óvíst er hvernig Óskar muni stilla henni upp. Ljóst má vera að Gísli Eyjólfsson og Viktor Karl Einarsson verði áfram í lykilhutverki sem tveir fremri miðjumenn félagsins. Alexander Helgi Sigurðarson yfirgaf hins vegar herbúðir félagsins í vetur og er það blóttaka, Alexander var frábær á síðata tímabili. Ísak Snær Þorvaldsson getur leyst stöðuna en hann hefur ekki fundið taktinn í vetur. Oliver Sigurjónsson og Andri Rafn Yeoman eru svo enn til taks og þeir þekkja hlutverk djúpa miðjumannsins vel. Hinn ungi Anton Logi Lúðvíksson hefur svo verið öflugur í vetur. Þá bættu Blikar við Degi Dan Þórhallssyni.



Gengi síðustu sex tímabil

2016 6. sæti | 2017 6. sæti | 2018 2. sæti | 2019 2. sæti | 2020 4. sæti | 2021 2. sæti
■ Íslandsmeistarar 2010 ■ Bikarmeistarar 2009

Fylgstu með

Omar Sowe er framherji frá Bandaríkjunum sem Breiðablik fékk að láni frá New York Red Bulls út þessa leiktið. Sowe hefur að mestu leikið með varaliði Red Bulls en Blikum sárvantaði framherja eftir að Árni Vilhjálmsson og Thomas Mikkelsen yfirgáfu herbúðir félagsins. Omar er 21 árs gamall en hann flutti til Bandaríkj-

anna frá Gambíu þegar hann var 9 ára gamall. Hefur mikinn hraða og er líkamlega sterkur, gæti verið nýtt vopn í leik Blika að vera með sóknarmann sem vinnur inn fyrir línur andstæðinganna. Byrjunin hefur verið erfið fyrir Omar sem kom veikur til landsins, hann sýndi hins vegar vopn sín í æfingaleik gegn Val á dögunum.

Komnir/farnir

- ▲ Dagur Dan Þórhallsson
- ▲ Adam Örn Arnarson
- ▲ Ísak Snær Þorvaldsson
- ▲ Juan Camilo Perez
- ▲ Mikkel Qvist
- ▲ Omar Sowe (lån)
- ▲ Pétur Theodór Arnason
- ▼ Thomas Mikkelsen
- ▼ Árni Vilhjálmsson
- ▼ Alexander Helgi Sigurðarson
- ▼ Davíð Örn Atlason

Sókn

Kristinn Steindórsson hefur leitt framlínu Breiðabliks af stakri snilld í vetur og mun fá traustið til þess í upphafi móts að leiða framlínu félagsins. Kristinn er lunkinn framherji sem er alltaf meðvitaður um hvar markið er staðsett. Hefur á síðustu tveimur árum gengið í endurnýjun lífdaganna í Kópavogi. Omar Sowe er svo mættur til leiks og gefur Blikum öðruvisi spil til að spila á. Jason Daði Svanþórsson kom frábær inn í liðið í fyrra og eru miklar væntingar gerðar til hans í sumar, hann ógnar með hraða sínum en hefur einnig mikla tæknilega getu. Blikar hafa misst Árna Vilhjálmsson og Thomas Mikkelsen frá síðustu leiktið en Óskar Hrafn þarf að finna nýjar leiðir til þess að láta sóknarleikinn blómstra.

Þjálfari

Óskar Hrafn Þorvaldsson er á leið inn í sitt þriðja tímabil með Blika. Óskar hefur gjörbreytt spilamennskunni og hefur liðið spilað mjög skemmtilegan fótbolta. Það er hins vegar að koma að þeim tímamarki að spilamennska Blika þarf að skila titlum. Liðið var hænuskrefi frá því á síðasta ári en rann á rassinn þegar allt var undir. Óskari þarf að takast að búa til lið sem vinnur titil. Óskar er kröfuharður á sig og leikmennina, hann æfir meira en flest lið og hefur haft leikmennina á sínu bandi í þessari vegferð. Leikmanna kaup Óskars í vetur hafa vakið athygli en óvíst er hversu öflug styrkingin er.

Þekktir fyrir að koðna niður þegar þeir eru nálægt titli



Albert Brynjar Ingason

Albert segir

Ef maður skoðar undirbúnings-tímabilið þá litu þeir virkilega vel út á Atlantic-bikarnum. Eftir það mót skilur maður að Lengjubikarinn hafi ekki gengið sem best. Þeir byrjuðu undirbúnings-tímabilið fyrir en aðrir og æfðu á fullri keyrslu. Ég horfi því meira í mjög góða frammi-stöðu þeirra í æfingamótinu úti þar sem þeir mátuðu sig við sterka andstæðinga. Heilt yfir hefur þetta verið gott og góðu kaflarnir í Atlantic-mótinu voru mjög sterkir.

Blikar ætla sér miklu meira en að enda í fjórða sæti, ég var mjög ánægður með að sjá Óskar Hrafn tala þannig að þeir ætli sér að berjast um titilinn. Það á að vera krafan og kannski er það svekkelsi að vera spáð fjórða sætinu þegar þeir voru nálægt þessu í fyrra.



Þeir skoruðu langmest í fyrra og voru með sextán skoruðum mörkum fleiri en næsta lið. Blikar hafa oft verið þekktir fyrir að koðna niður og missa taktinn þegar þeir eru nálægt þessu. Svo finna þeir oft taktinn þegar þetta er ekki lengur möguleiki.

Í fyrra var það byrjunin sem var slök og liðið vann bara einn af fyrstu fjórum leikjunum. Þeir eru best spilandi liðið á landinu og með skemmtilega hugmyndafræði. Ef þeir byrja mótið vel eru þeir líklegir til þess að landa sigri.

Óskar Hrafn þarf að bæta við titli í safnið til að fullkomna gott starf í Kópavogi að sögn Alberts.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI




Það eina sem Óskar vantar í starfinu er að vinna titil.

Framherjastaðan gæti verið hausverkur, þeir höfðu landað Sævari Atla Magnússyni sem fór svo í atvinnumennsku. Pétur Theodór kom í vetur og sleit krossband, Árni Vilhjálmsson og Mikkelsen eru svo farnir. Omar Sowe er mættur og ef hann kemst í gang þá geta þeir fært Kristin Steindórsson út á vænginn. Omar þarf að byrja mótið vel og fá sjálftraustið snemma. Ef það tekst ekki er Gísli Eyjólfsson líklega á kantinum og þá er miðjan sem var svo öflug í fyrra stórt spurningarmerki. Alexander Helgi er farinn og þeir gætu saknað hans.


Það eina sem Óskar vantar í starfinu er að vinna titil, Breiðablik hefur fengið mikið umtal síðustu ár enda spilað frábæran fótbolta. Ég held að flestir Blikar búist við að þetta verði árið, þeir ætla sér að taka topp-sætið. ■

Alltaf eitthvað nýtt

Eitthvað fyrir alla!




Systirin í storminum
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Pykjustuleikarnir
4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.



Helkuldi
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Ef þetta er maður
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Velkomin heim
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Miðnæturbókasafnið
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Sextíu kíló af kjaftshöggum (kilja)
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Dauðinn og mörgæsin
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Þernan
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*

ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

PENNINN

Eymundsson

Verðurlag er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 11. apríl eða á meðan birgðir endast. Upplysingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndbregi.

Merkisatburðir

- 1906** Ingvarsslysið. 20 menn farast þegar þilskipið Ingvar RE 100 strandar í ofsaveðri skammt undan Viðey. Í sama veðri farast 48 menn með tveimur skipum við Mýrar (Sophie Wheatly RE 50 og Emilie RE 25).
- 1927** Fyrsta sjónvarpsútsending með útvarpsbylgjum á sér stað í Washington DC í Bandaríkjunum.
- 1941** Togarinn Gulltoppur bjargar 33 mönnum af björgunarbát frá flutningaskipinu Beaverdale út af Reykjanesi og bátar frá Hellissandi bjarga 32 mönnum af björgunarbát frá sama skipi út af Snæfellsnesi. Skipið hafði verið skotið niður fjórum dögum áður.
- 1943** Stjórnarskrárnefnd Alþingis skilar álit og er sam-mála um að leggja til að 17. júní 1944 verði valinn til stofnunar lýðveldisins.
- 1943** Laugarnesspítali í Reykjavík brennur. Hann var byggður árið 1898 sem holdsveikraspítali en síðustu árin hafði bandaríski herinn hann til umráða.
- 1968** Lög um tímareikning öðlast gildi klukkan 01.00. Samkvæmt þeim skal hvarvetna á Íslandi telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.



Egill fagnaði fimmtíu ára starfsafmæli sínu í sjónvarps- og kvikmyndagerð í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Margþættur málverkaóður

Egill Eðvarðsson opnar nýja myndlistarsýningu sína í dag. Hann gefur ekki mikið fyrir meiningar í verkum sínum, og þó.

arnartomas@frettabladid.is

Myndlistar- og sjónvarpsmaðurinn Egill Eðvarðsson opnar splunkunýja málverkasýningu sína í Pop-up Galleriinu, Hafnartorgi, í dag. Sýningin kallast Óður sem Egill segir að sé skemmtilegt orð og margþætt.

„Ég hafði ekki hugsað þetta þannig að ég sjálfur væri óður,“ segir hann og hlær. „Það á þó ágætlega við líka því það er smá dugnaður að setja upp sýningu þegar maður á að njóta efri árána en þá er ég á fullu eins og alltaf.“

Egill fagnaði fimmtíu ára starfsafmæli sínu í sjónvarps- og kvikmyndagerð í fyrra en einbeitt sér nú frekar að myndlistinni.

„Það er ekki þannig að ég sé alveg hættur en ég er löngu orðinn sjötugur,“ segir hann. „Í gegnum tíðina var þetta kannski 90 prósent sjónvarps- og kvikmyndagerð og 10 prósent myndlist en nú hefur hlutfallið snúist við. Ég get aldrei gert bara eitt og er til dæmis nýbúinn að skrifa bók sem er rétt útkomin.“

Spurður hvort það sé eitthvert gegnumgangandi þema á sýningunni segist Egill bara vera að mála.

„Það er ekki mikil meining þarna að baki og það er af ásettu ráði. Mér finnst í myndlistinni í dag vera svo mikil meining og verið að túlka hitt og þetta. Ég er bara að mála því mér finnst svo gaman að mála.“

Það fyrsta sem blasti við blaðamanni þegar hann kom inn á sýninguna voru figúrur með rauð nef og nafnið Gyrðir



Verkin á sýningunni eru máluð á undanföllum fimm árum.



Ég er bara að mála því mér finnst svo gaman að mála.

Eliásson stenslað hér og þar. Er þetta sem sagt ekki ádeila á að Gyrðir Eliásson sé einhvers konar trúður?

„Vá, ég hef aldrei fattað það!“ segir Egill og skellir upp úr. „Nei, en Gyrðir Eliásson er hins vegar einn af mínum bestu vinum og það er ástæða þess að nafn hans birtist á mörgum myndunum ásamt nafni Víkings Heiðars. Þessi sýning er tileinkuð konunni minni sem ég kynntist fyrir fimm árum síðan og örlagavaldar að þeirri kynningu voru einmitt Gyrðir og Víkingur. Síðan þá hef ég málað þessa syrpu en fyrsta verkið var málað kvöldið áður en við kynntumst.“

Egill segir þannig að sýningin sé líka eins konar ástaróður. Hann spólar svo aðeins til baka og segir að þótt hann hafi skömmu áður sagt að það sé ekki mikil meining að baki verkunum þá sé það ekki alveg satt.

„Ég er að sýna ýmsum af mínum upphalds listamönnum í gegnum tíðina virðingu. Eitt verkið er til dæmis málað til heiðurs Leonardo da Vinci og annað til heiðurs Karólínu Lárusdóttur,“ segir hann. „Líklega er hugsunin þegar ég tala um óð að þetta sé óður til einhvers. Óður til konunnar minnar og óður til listamannanna sem ég hef dæmt í gegnum árin.“

Áformin um hvað taki við eru ekki meitluð í stein en Agli þykir þó líklegt að hann haldi áfram að mála.

„Ég er ógurlega duglegur að lifa fyrir hvern dag svo það eru engin stór plön um hvað ég ætla að gera. En í hrein-skilni finnst mér ekkert ólíklegt að ég haldi áfram því að síðasta myndin sem ég málaði þarnaði fyrir viku síðan.“ ■



Helgi Ásgeirsson

Njálsgötu 5, Reykjavík,

lést á Landakoti 31. mars.

Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. apríl 2022 kl. 15.00. Innilegar þakkir til Heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og starfsfólks L-5 á Landakoti fyrir elskulega umönnun.

Fyrir hönd vina,
Þórólfur Arnason



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Vilhjalmur Þorláksson

verkfræðingur, Espilundi 4,

varð bráðkvaddur að heimili sínu mánudaginn 4. apríl.

Ásbjörg Forberg

Vigfús Ásgeirsson

Inga Forberg

Sigríður Logadóttir

Lilja Pétursdóttir

Theódór Kristinn Ómarsson

Magnús Óli Ólafsson

Þuríður Vilhjálmssóttir
Sveinn Vilhjálmsson
Hilmar Vilhjálmsson
Kári Vilhjálmsson
Ágústa Forberg
Erla Ólafsdóttir
Elsa Forberg
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórey Eiríksdóttir

frá Egilsseli,

Eiríksgötu 9, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu

Droplaugarstöðum þriðjudaginn 29. mars sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. apríl og hefst athöfnin kl. 13.00.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun og aðhlyningu.

Guðmundur Snorrason

Sigríður Elsa Oddsdóttir

Eiríkur Snorrason

Theódór Guðfinnsson

Ragnheiður Snorradóttir

Kjartan Sigurðsson

Sigríður Snorradóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigurrós Petra Tafjord

lést í faðmi fjölskyldunnar á

líknardeild Heilbrigðisstofnunar

Suðurnesja laugardaginn 2. apríl.

Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju

(safnaðarheimili) mánudaginn 11. apríl kl. 13.00.

Sérstakar þakkir fá starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka nærgætni, umhyggju og hlýhug. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Ármann Þór Baldursson

Sigurður Ármannsson

Björg Árnadóttir

Ásdís Ármannsdóttir

Ólafur Einar Hrólfsson

Elí Ágúst Ármannsson

Gabriela Ármannsson

Helgi Ármannsson

Ólöf Guðbjörg Jónasdóttir og barnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Jónsdóttir

Bala, Þykkvabæ,

lést mánudaginn 7. mars

á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jón Þ. Magnússon

Aðalsteinn Ingvarsson Katrín Harðardóttir

Eva Aðalsteinsdóttir Kristgeir Orri Grétarsson

Telma Aðalsteinsdóttir

Elis Þór Aðalsteinsson

óskirður Kristgeirsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Ingibergsson

vélfræðingur,

lést þriðjudaginn 29. mars

á líknardeild Landspítalans.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju,

miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.

Friðfinnur Sigurðsson Eyrún Huld Harðardóttir

Ingibergur Sigurðsson Marcela Munoz

barnabörn og barnabarnabörn.



TILBOÐSDAGAR 6.-9. apríl

Páskaleikur
Nóa Sírius
og Fjarðar

20% afsláttur á BOSS settum



ÚR & GULL

20% afsláttur
á öllum Tamaris skóm



Vöflutilboð kr. I. 290,-



Happy Hour
kl. 14-17



15% afsláttur

á Carteks
lingerie de Femme
vörum



The Mistress

20% afsláttur
af öllum
sumar-
leikföngum



Sjáðu úrvalið á

Leikfangaland.is



20% afsláttur
á öllum buxum

KONA

20% afsláttur á kertastjökum
15% afsláttur á kertum



Frábær tilboð í apríl!

Sjá nánar á krambudin.is



Krambúðin

25-50% afsláttur
á völdum umgjörðum



augastaður
Gleraugnverslunin þín

Beauty Salon
Snyrtistofa

MEÐFERÐ MÁNAÐARINS Í APRÍL!

Andlitsbað, litun og plockun

Verð áður: 19.700,- Verð nú: 16.745

20% afsláttur
á snyrtivörum



DARIA



Þín verslunarmiðstöð — í hjarta Hafnarfjarðar

Taktu þátt Fjörður





BAUHAUS®



Páskaverð

25%

afsláttur
af öllum
garðhúsgögnum

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 7. apríl til og með mánudeginum 18. apríl

PÁSKALEIKUR

SNÚA & VINNA



1. Skannaðu QR kóðann
2. Snúðu lukkuhjólinu
3. Athugaðu hvort að þú hafir unnið!

Páskaverð

25%

afsláttur af
öllum rafmagnsverkfærum og
rafmagnsgarðverkfærum
frá Ryobi

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

RYOBI



Stór og flott gólfefnadeild Eitt mesta úrval landsins!

Hjá BAUHAUS finnur þú meira en 250 gerðir af parketi, bæði harðparketi og vínílparketi á lager. Hjá okkur finnur þú einnig alla þá aukahluti sem þarf í verkið. Okkar frábæra starfsfólk er tilbúið að aðstoða með góð ráð og leiðbeiningar hvernig best sé að leggja parketið, huga að umhirðu þess eða annað sem þú kannt að spyrja um er varðar nýja parketið þitt!



Páskaverð

25%

**afsláttur af
gólfefnum og
öllum flísum**

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 7. apríl til og með mánudeginum 18. apríl

BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS



Páskaverð

25%

afsláttur af
allri málningu
og viðarvörn frá
Sadolin og Pinotex

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ





BAUHAUS®

Gasgrill Q3200

2 brennarar, 6,36 kW. Grillflötur 63 x 46 cm. Grillgrind úr porselinglerungshúðuðu steypujárni. Rafrænn kveikjari. Innbyggður hitamælir. Lok og botn úr áli. Opinn vagn.



88.995,-

Gasgrill Genesis II E-310

3 brennarar, 10,99 kW. Grillflötur: 68 x 48 cm. Grillgrind úr porselinglerungshúðuðu steypujárni. Innbyggður hitamælir. Hliðarborð úr ryðfríu stáli. Opinn vagn.



134.995,-

Gledilega páska



Hortensía

Hydrangea með 3-5 greinum. Fæst í hvítu, bleiku og bláu. Kemur í 13 cm potti. Blómapottur fylgir ekki.

1.995,-

~~2.495,-~~



Slöngubox

Veggfest slöngubox.
- Stærð: 25 m (L)
- Pv. slöngu: 13 mm (1/2")
- Sjálfvirk upprúllun
- Sprautuhöfuð og festingar fylgja með.

24.995,-

~~26.995,-~~

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 7. apríl til og með mánudeginum 18. apríl



Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS Sími: 515-0800



metabo

Höggbor-/skrúfvél

SB 18L. 1.350 snún./mín. Snúningsvægi 25-50 Nm. Þv. borunar í múr/stál og tré: 10/10/20 mm. 2 stk. 2,0 AhLi-ion rafhlöður. Rafhl. og hleðslutæki fylgja. Plasttaska með fylgihlutum fylgir.

23.995.-

~~32.995.-~~



BOSCH

Höggbor-/skrúfvél

Advanced Impact með sjálfvirkri giraskiptingu, og hægt að skipta um snúningsstefnu með einum smell.

2 x 2,5 Ah rafhlöður, hleðslutæki, skrúfumillistykki og taska fylgir.

34.995.-

~~41.995.-~~

Gledilega páska



AEG

Höggbor-/skrúfvél

BSB18CBLLE LI-352X. Sérlega handhæg 18 V höggborvél með kolalausum mótör og 13 mm borpatrónu sem taka má af. 3 x 2,5 Ah PRO18V Lithium-Ion rafhlöðu, 50 mín. hleðslutæki, málmkassa

39.995.-

~~59.995.-~~



Makita

Bor-/skrúfvél

DDF453RYJX1 2 gira vél sem hentar fyrir almenn heimilisverkefni og fyrir minni verkefni. Hám. snúningsvægi 42/27Nm. Málpac taska, 2 stk. 1,5Ah. rafhlöður og hleðslutæki fylgir

44.995.-

~~51.995.-~~



AVA

Háþrýstidæla

Master P60 Large Bundle. Hám.dæluprýstingur 145 bör. Hám.vatnsflæði 500 l/klst. Háþrýstibysa, vatnssía, slöngutromla, 10 m stálstyrkt háþrýstislanga, túrbó stútur, 15° stútur, 20°/60° vario stútur, stillanlegt skaft og kvoðu brúsi fylgja

39.995.-

~~49.995.-~~



metabo

Hjólsög

KS 55 FS. Þessi kraftmikla hjólsög er með titringsdempara og skriðvarnargúmmí á handfanginu. 1.200 W, 5.600 snún./mín. Þv. sagarblaðs 160 x 20 mm.

16.995.-

~~24.995.-~~



BLACK & DECKER

Geirungssög

BES710-QS 254 mm, 2.100 W Geirungssögin er auðveld í notkun og sagar hratt og nákvæmt með 48T 254 mm karbíðssagarblaðinu sem fylgir með.

29.995.-

~~36.995.-~~



KÄRCHER

Háþrýstidæla

K5 Premium SC 20-145 bör. 8 m Premium Flex háþrýstislanga og slönguhjól. Háþrýstibysa með full control vísí, Variopower, Dirtblaster rotojet stút, Plug'n'clean hreinsikerfi, ¼ garðslöngu millistykki. Smart Control með Bluetooth tengingu.

74.995.-

~~87.495.-~~



AVA

Háþrýstidæla

AVA GO P40 Large Bundle – Létt og handhæg háþrýstidæla sem er auðvelt að taka með sér og tekur ekki mikið pláss. Auka stútar fylgja með og þá er hægt að geyma í háþrýstidæluinni. Hámarksdæluprýstingur: 120 bör

18.995.-

~~23.495.-~~

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Anton Helgi Jónsson Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Vikurfrétt Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011 Ísafjarðarbær - Seltjarnarnes.
- 14.35 Tobias og sætabrauðið
- 15.05 Í garðinum með Gurrý Matjurtagarðar.
- 15.40 HM stofan Upphitun fyrir leik Hvíta-Rússlands og Íslands.
- 15.55 Hvíta-Rússland - Ísland Bein útsending frá leik í undankeppni HM kvenna í fótbolta.
- 17.50 HM stofan Uppgjör á leik Hvíta-Rússlands og Íslands.
- 18.10 Sumarlandabrot 2020 Hólar í Hjaltadal - skógarhögg.
- 18.15 KrakkaRÚV
- 18.16 Óargadýr
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins Kristján I - Vor.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Okkar á milli Snorri Ásmundsson.
- 20.35 Húsið okkar á Sikiley
- 21.05 Synd og skömm Bresk leikin þáttaröð um unga samkynhneigða menn sem flytjast til Lundúna í byrjun níunda áratugarins og mynda venskap. Fljótlega byrjar alnæmisfaraldurinn að gera vart við sig og hefur áhrif á líf þeirra allra næsta áratuginn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
- 23.05 Babýlon Berlin
- 23.45 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 14.45 Black-ish
- 16.30 Spin City Bandarískir gamanþættir sem fjalla um starfsfólkið í Ráðhúsinu í New York sem þurfa ítrekað að passa upp á að borgarstjórnin verði sér ekki til skammar.
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Single Parents
- 19.40 Superstore
- 20.10 MakeUp
- 20.45 9-1-1
- 21.35 NCIS. Hawaii
- 22.20 In the Dark
- 23.05 The Late Late Show
- 23.50 Berlin Station
- 00.45 Law and Order. Special Victims Unit
- 01.30 Billions
- 02.30 Godfather of Harlem
- 03.25 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Shriill
- 09.50 Í eldhúsi Evu
- 10.20 Masterchef USA
- 11.00 Fresh off the Boat
- 11.20 Mom
- 11.40 Tveir á teini
- 12.10 30 Rock
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Suits
- 13.40 Shipwrecked
- 14.25 The Heart Guy
- 15.15 The Great British Bake Off
- 16.15 Wipeout
- 16.55 Eldhúsið hans Eypórs
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Aðalpersónur
- 19.30 The Cabins
- 20.20 Mr. Mayor
- 20.40 Girls5eva
- 21.10 NCIS
- 21.55 The Blacklist
- 22.40 Real Time With Bill Maher
- 23.35 Killing Eve
- 00.20 Grantchester
- 01.10 Shetland
- 02.10 Leonardo
- 03.00 The O.C.
- 03.40 Shriill
- 04.05 Masterchef USA

Skáldið sem hafði ekki væðina í sér til að hugsa um kýr

Skáldið og rithöfundurinn Anton Helgi Jónsson er gestur Sigmundar Ernís í viðtalsþættinum Mannamáli á Hringbraut í kvöld og mætir þar með nýja sirkusljóðabók sína. Hann ólst upp á meðal álfa í Hafnarfirði, ásamt einstæðri móður sinni og stóru systur sem fékk ekki vita fyrr en löngu seinna hver var faðir hennar. Anton Helgi ætlaði sér að verða bóndi, en hafði ekki væðina í sér til að hugsa um kýr. Svo hann fór að skrifa.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 bæta
- 5 binda
- 6 í röð
- 8 aðalstign
- 10 rykkorn
- 11 mál
- 12 hönd
- 13 hemur
- 15 fjórðungur
- 17 tónstigi

LÓÐRÉTT

- 1 fagnaðarlæti
- 2 verkfæri
- 3 tvennd
- 4 að baki
- 7 þykkari
- 9 hella
- 12 merki
- 14 södi
- 16 fæði

LÁRÉTT: 1 lappa, 5 óla, 6 fgr, 8 fursti, 10 ar, 11 tali, 12 munni, 13 áfar, 15 korter, 17 skali.
LÓÐRÉTT: 1 lófarak, 2 alur, 3 par, 4 aftan, 7 gildan, 9 sturta, 12 mark, 14 gos, 16 el.

Sudoku

1						5	9
8			3	7	1		
			4				2
					7	3	
	5	9	6	7	2	8	
6		1		8		4	5
			5	1	6		
	6		8				3

		8	3				
	1	6	8	7			3
		4		2	6		
		9		3		1	5
5			1		2		
8	3						
				2	6		
				7		3	9
			4	8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



P | **PRESSAN**

PRESSAN

FIMMTUDAGA KL. 20.00
OG AFTUR KL. 22.00

Hraður þáttur um helstu fréttamál líðandi stundar í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.



HRINGBRAUT

icebreaker

Move to natural

Icebreaker Merino ull.
Fyrir alla þá sem vilja
hlýjan ullarfatnað sem
stingur ekki og dregur
ekki í sig lykt.



Oasis Síðerma
14.990 kr.



Oasis Hálfrennd
15.990 kr.



Sonebula Hár kragi
15.990 kr.



Everyday Leggings
12.990 kr.



Everyday Síðerma
12.990 kr.



Flexi Chute
Hlýir hálskragar
4.990 kr.



Tech Lite II
Stuttermabolur
12.990 kr.



Sphere II
Stuttermabolur
11.990 kr.



Siren Tank
Hlýrabolur
8.390 kr.



Hike+Light
Sokkar
3.990 kr.



Barna leggings 🐾
Verð frá 8.590 kr.



Barna bolur 🐾
Verð frá 8.590 kr.



Fastray High Rise
Leggings
16.590 kr.



Sierra
Hanskar
6.690 kr.



Yanni
Kjöll
13.990 kr.



Zoneknit Bra Tank
Toppur
12.990 kr.



Sprite Racerback
Toppur
8.490 kr.



Sprite Hot Pants
Nærbuxur
6.990 kr.



Anatomica Cool-Lite Boxers
Nærbuxur
6.590 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Ekki er hægt að aka austur á Íslandi en að Dalatanga. Náttúran er stórbróttin og spennandi gönguleiðir í boði. Flatafjall (931 m) fyrir miðri mynd og Seyðisfjörður til hægri.

MYNDIR/ÓMB

Þar sem vegurinn endar í austri



Tómas Guðbjartsson
hjartaskurð-
læknir og náttúru-
unnandi



Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og
ljósmyndari

Dalatangi er einn af mörgum stórbrötum útkjálkum Austfjarða, mitt á milli Seyðisfjarða og Mjóafjarða. Allir kannast við nafnið úr veðurfréttum útvarps, enda veðurathugunarstöð verið starfrækt á Dalatanga frá árinu 1938. Færri hafa heimsótt þennan stórbrötna stað og vitana tvo sem þar eru staðsettir. Þá vaktar vitavörður sem auk þess sinnir veðurathugunum og búskap á einu afskekktasta býli á landinu sem jafnframt er það austasta. Þarna er snjöpungt á veturna og mjósleginn vegurinn í gegnum Mjóafjörð yfirleitt ófær. Verður þá að reiða sig á samgöngur sjóleiðina en á sumrin má komast á fólksbilum alla leið út á Dalatanga. Þar endar vegurinn og lengra verður ekki komist akandi á Íslandi.

Umhverfi Dalatanga er stórbróttin og upp af klettskorinni ströndinni rísa snarbrött og einkar tignarleg fjöll. Gaman er að röltu um ströndina og fjöruna. Ósjálfrátt hvarflar hugurinn að lífsbaráttu bænda sem þarna stunduðu búskap og útræði við óbliðar aðstæður og mikla einangrun. Útsýni er mikið til allra átta, ekki síst norður að Glettingi og mynni Loðmundar- og Seyðisfjarða. Vitana tvo verður vitaskuld að skoða, ekki síst þann eldri sem hlaðinn er úr blágrýti. Hann lét norskur útgerðarmaðurinn Otto Wathne á Seyðisfirði byggja á eigin kostnað 1895 og er hann jafnframt elsta vitamannvirki á Íslandi sem enn stendur. Vitinn hefur verið endurgerður og má skoða hann að innanverðu. Yngri vitinn frá 1908 er enn í notkun og skærgulur liturinn æpandi borið saman við ljósgráan lit eldri bróður síns.

Flestir kjósa að aka með bíl að Dalatanga. Er þá ekið úr Fagradal yfir Mjóafjarðarheiði, ofan í fossom skryddan Mjóafjörð, meðfram Klifbrekkufossom og fram hjá smáþorpinu Brekku. Áfram liggur vegurinn yfir brattar skriður og skorninga að grænum túnum bæjarins Dalatanga. Þetta er frábær fjallahjólaleið en sumir kjósa að ganga eftir veginum frá Brekku. Einnig má ganga út á Dalatanga frá Austdal í Seyðisfirði. Er þá haldið yfir Dalaskarð og síðan niður eftir Daladal að sunnanverðum Dalatanga. Mun torfærari en sérlega falleg gönguleið liggur frá Skálanesi við Seyðisfjörð, í gegnum Skollaskarð og svokallaðar Afréttir að norðanverðum Dalatanga. Þótt þessi gönguleið sé að mestu leyti stíkuð er hún aðeins fyrir vant göngufólk. Þarna getur verið þokugjarnt og því skynsamlegt að hafa með í för GPS-tæki, vasavita nútíma göngufólks. ■



Gamli vitinn á Dalatanga er elsta vitamannvirki landsins og tekur sig vel út í stórbrötnu umhverfinu.



Klettótt ströndin við Dalatanga er stórbróttin og upplögð fyrir stuttar gönguferðir.

Full búð af reiðhjólum

Evrópuverð



Head E Revelo I Women
Rafhjól. Shimano STEPS E5000
299.995,-



Head E I-peak RM Women
Rafhjól. Bafang RM
219.995,-



Head I-Peak I Men
Hybrid. S-Ride 3x8 gíra
69.995,-



Head X-Rubi Cross
Hybrid. Shimano Deore 3x10 gíra
97.995,-



Head Granby E5000
Rafhjól. Shimano Steps E5000
329.995,-



Head Troy II
Fjallahjól. S-Ride 2x8 gíra
74.995,-



Head Picton I
Gravel hjól. 2x10 gíra
146.995,-



Head X-Rubi I
Fjallahjól. Shimano Alivio 2x9 gíra
106.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is



Everest

Nýlenduvæðing og þjóðarímynd



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Ónæm/Immune í Nýlistasafninu er afrakstur tveggja ára rannsóknar- og samstarfsverkefnis ellefu alþjóðlegra listamanna.

Sýningin fjallar meðal annars um nýlenduvæðingu, auðvald og þjóðarímynd þar sem Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er lögð til grundvallar. Sýningarstjóri er Bryndís Björnsdóttir.

Spurð af hverju Ferðabók Eggerts og Bjarna hafi orðið upphafspunktur sýningarinnar segir Bryndís: „Hún kom til tals milli mín og mannsins míns og ég áttaði mig á því í fyrsta sinn hversu mikil nýlenduskráning bókin er. Hún er ekki einungis skráning á liferni og náttúru Íslands heldur líka lýsing á eyju sem er ekki bara einangruð landfræðilega heldur einnig vegna einangrunarstefnu.

Mér fannst þetta áhugaverður vettvangur til að bjóða inn í Nýlistasafnið fjölbreyttum hópi sem ég valdi út frá venslum en líka út frá aðferðafræði. Hver og einn las ritið á því tungumáli sem hentaði. Svo hófst ferlið. Við höldum fjarfundir og ræddum bókina og hugmyndir sem kviknuðu út frá lestri á henni. Sumarið 2021 komu þátttakendur til landsins og fóru dýpra inn í rannsóknina. Hver og einn tekur í verkum sínum á viðfangsefni sem snýr að efni ferðabókarinnar.“

Postulín og bananar

Annarosa Krøyer Holm er í hópi listamannanna. „Hún hefur í verkum sínum verið gagnrýnin á nýlendustefnu Danmerkur. Rannsókn hennar fólst í því að fara á Mókollsdal á Ströndum þar sem hægt er að finna kaólin sem er undirstaða í postulíni. Í innsetningu hennar má sjá merki um þessa ferð hennar í Mókollsdal en þar eru líka persónulegar hugleiðingar um tengingu arfleifðar hennar við nýlendustefnu Danmerkur. Hún komst að því að afi hennar vann um tíma á skipi í Vestur-Índíum en hann varð síðar augnlæknir og rannsakandi litblindu. Hún tengir þessa litblindu við nýlendustefnuna: það að sjá ekki söguna og það sem undir býr. Á sýningunni er postulínsskúlptúr úr kaólíni frá Mókollsdal sem eru tveir hnettir með teikningum frá stjörnufræðingi sem var uppi á 19. öld en

Bryndís Björnsdóttir er sýningastjóri.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK


hann taldi sig sjá skurði á Mars sem kom í ljós að var einungis æðakerfið í augum hans þegar hann pírdi í sjónaukann.“

Hands.on. matter samanstendur af tvíeyki frá Berlín, þeim Söndru Nicoline Nielsen og Tim van der Loo. „Þau eru að endurhugsa hvernig síðkapitalismi kemur fram í umhverfi okkar. Í verki sínu unnu þau með íslenska banana, fóru til Hveragerðis og rannsökuðu banana og verk þeirra heitir Bananapapers. Þau töluðu við son bananaræktanda í Borgarnesi en þar reis gróðurhúsið, gert úr timbri, og byrjaði loks að morkna og þessi hleðsla þeirra af bananapappir visar til þess.“

Saga þrælaviðskipta

HIGHS eru Olando Whyte dansari frá Jamaíka og hin sænska Rut Karin Zettergren. „Þau vinna með sögu þrælaviðskipta við Atlants-hafið og á þessari sýningu skoða þau íslenska saltfiskinn og afríska ávöxtinn ackee. Þau sýna skúlptúrísk gróðurhús þar sem þau gera tilraun til að rækta ackee-ávöxtinn.“

Páll Haukur Björnsson skoðar margvíslega miðla í verkum sínum. „Hér er hann að rannsaka hvaða merkingu og merkingarleysu við vörpum á náttúruna. Hann visar til gagnaupplýsinga sem voru hluti af ferðalagi Eggerts og Bjarna, en þeim var skipað að vera heilt ár í Kaupmannahöfn til að læra vísindanálganir áður en þeir komu til Íslands. Páll Haukur sýnir okkur hina nýja gagnaoþun á náttúruna í dag, sem er til dæmis í símanum okkar. Hann



Sýningin í Nýlistasafninu er afrakstur tveggja ára rannsóknar- og samstarfsverkefnis.

sýnir meðal annars skúlptúr sem er ísbein sem bráðnar hægt og rólega í sýningarsalnum.“

Sheida Soleimani er írönsk-bandarísk listakona og hennar áhugasvið eru náttúruauðlindir og orka. „Í innsetningu hennar er áhersla á íslenska móinn og notkun eldsneytis á Íslandi síðustu þrjár aldir. Móinn gróf hún sjálf í samstarfi við Íslenska bæinn. Hún fór svo að Kárahnjúkum og sýnir stóra ljósmynd þaðan ásamt tveimur ljósmyndum þar sem hún skeytir saman efnisríkum skúlptúr-innsetningum og ljósmyndun á sinn einstaka hátt.“

Útþensla kapítalismans

Hópurinn The Many Headed Hydra eru Aziz Sohail, Bryndís Björnsdóttir, Emma Wolf Haugh og Suza Husse. „Við erum með innsetningu þar sem við stillum saman fyrirhugaðri byggingu umskipunarhafnar í Finnafirði og aðra fyrirhugaða höfn í Pakistan. Þarna erum við að skoða útþenslu kapítalismans á tímum



Sumarið 2021 komu þátttakendur til landsins og fóru dýpra inn í rannsóknina.

loftslagshamfara. Við endurskoðum líka 17. aldar landkönnuðinn Richard Burton sem ferðaðist til Íslands og Pakistan og talaði illa um bæði löndin.

Tveir aðrir listamenn eru með verk á sýningunni. „Zahra Malkani frá Pakistan er með áhrifaríkt tónverk sem heitir Oceanic Feelings og samanstendur af alls kyns hljóðum, viðtölum og vettvangsupptökum frá ströndum Pakistan.

Það er mikill heiður að hafa verk eftir grænlenk-dönsku listakonuna Piu Arke á þessari sýningu. Við sýnum hér verk eftir hana frá 1996, vídeógjörninginn Arctic Hysteria sem fjallar um fordóma á nýlendutímanum gagnvart Inúítakonum.“

Slóð á síðu sýningarinnar er: www.immuneonaem.com.

Verkið Farangursheimild eftir Steinunni Gunnlaugsdóttur og Bryndísi Björnsdóttur er staðsett úti, fyrir framan Nýlistasafnið. Næstsíðustu helgina í apríl verður HIGHS-kollektífið með gjörninga út frá sinni rannsókn. ■

Ævarandi hreyfing í Feneyjum

kolbrunb@frettabladid.is

Þann 21. apríl næstkomandi fer fram foropnun á íslenska skálanum á Feneyjatvíæringnum, alþjóðlegri myndlistarhátíð sem nú er haldin í fimmtugasta og níunda sinn. Í íslenska skálanum sýnir myndlistarmaðurinn Sigurður Guðjónsson verkið Ævarandi hreyfing, stóran fjölskynjunarskúlptúr. Hljóði og mynd er ofið saman á kraftmikinn hátt og skapast þannig heillandi rými fyrir gesti skálans. Mónica Bello er sýningarstjóri íslenska skálans sem er nú staðsettur í Arsenal, inni á aðalsvæði tvíæringssins, í fyrsta sinn.

Ævarandi hreyfing er myndbandsinnsetning á tveimur sex metra flekum. Þar sést svífandi járnryk, stækkað og magnað upp með myndavélarlinsu listamannsins. Gestir geta sókkt sér ofan í hreyfingu abstrakt efnisins þegar það skekkist og afmyndast svo að



Hljóðverkið fyllir upp í rými skálans, umlykur gestina þegar þeir koma inn.

til verða ný form og myndir, líkt og yfirborð á órafjarlægri plánetu.

Verkið inniheldur hljóðheim sem Sigurður og tónlistarmaðurinn Valgeir Sigurðsson hafa þróað saman. Hljóðverkið fyllir upp í rými skálans, umlykur gestina þegar þeir koma inn og skapar þannig dýpri tengsl gesta við tíðni járnryksins sem hreyfist og titrar á skjánum.

Á opunardegi íslenska skálans í Feneyjum kemur út ný sýningar-skrá um feril og listsköpun Sigurðar

Guðjónssonar. Bókin er hönnuð af Arnari Frey Guðmundssyni og Birnu Geirfinnsdóttur hjá Studio studio á Íslandi og gefin út af Distanz-útgáfufyrirtækinu í Berlín.

Þetta er viðburðaríkt ár hjá Sigurði Guðjónssyni. Auk sýningar hans á Feneyjatvíæringnum voru verk hans sýnd við hlið verka frumkvöðlanna Steinu og Woody Vasulka, á nýrri sýningu BERG Contemporary gallerisins í Frieze No.9 á Cork Street í London á dögunum. Sigurður mun sýna verk sitt Enigma, unnið í samvinnu við Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld og The Spektral Quartet, tónlistarhóp sem hefur hlotið fjölmargar tilnefningar til Grammy-verðlauna, í Chicago í apríl 2022 og sem hluta af Listahátíð Reykjavíkur í júní 2022. Í haust verður haldin stór einkasýning með verkum listamannsins í Listasafni Reykjavíkur, á sama tíma og verkið Ævarandi hreyfing verður sett upp í BERG Contemporary. ■



Ævarandi hreyfing (kyrrmynd úr myndbandi) 2022.

ÞAÐ MÁ EKKERT KLIKKA Í ÞESSUM TÚR!



NÝJAR HENDUR EHF/MARKELL PRODUCTIONS KYNNA Í SAMVINNU VIÐ SÝN/STÖÐ2 OG MYNDFORM

Alra SÍÐASTA VEIÐIFERÐIN

KOMIN Í BIÓ

LAUGARÁS BIÓ SMÁRA BIÓ HÁSKÓLA BIÓ BORGAR BIÓ



EXTRA
|||

EXTRA ÓDÝR PÁSKAEGG



Þú færð ódýrara páskegg hjá okkur, annars endurgreiðum við mismuninn* Gildir til 18.apríl.

*Sýna þarf kvittun samdægurs. Gildir aðeins fyrir páskaegg frá Nóa, Freyju og Góu. Gildir ekki um páskegg nr. 1.

Barónsstígur • Keflavík • Akureyri



Þær Hallveig og Selma fóru alla leið í að setja sig í spor grænlenkra sleðahunda.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Fundu sinn innri hund

Hallveig og Selma heilluðust af grænlenkum sleðahundum eftir að heyra sögu pólfarans Roalds Amundsen. Þær fundu sinn innri hund fyrir sýninguna Hunden bakom mannen sem þær sýna nú í Tjarnarbíói og á stórrí listahátíð í Kanada næsta sumar.

tsh@frettabladid.is

Sviðslistakonurnar Hallveig Kristín Eiríksdóttir og Selma Reynisdóttir, sem skipa leikhópinn Losti Collective, bregða sér í hlutverk grænlenkra sleðahunda í sýningunni Hunden bakom mannen sem verður sýnd í Tjarnarbíói á næstu dögum.

„Við unnum verkið fyrst úti í Finnlandi þar sem Selma býr og prófuðum að sýna verk í vinnslu-útgáfu í leikhúsi í neðanjarðarbyrgi í Helsinki. Síðan tókum við það á Lókal-sviðslistahátíðina og unnum áfram og síðan þá erum við búnar að taka eina skorpu í viðbót við að breyta og bæta,“ segir Hallveig.

Að sögn hennar er verkið búið að vera hátt í tvö ár í þróun.

„Við áttum fyrst að fara til Grænlands í rannsóknarleiðangur en síðan kom Covid. Við vorum í samstarfi við grænlenka sleðahunda-sérfræðinga sem tóku upptökur fyrir okkur og útskýrðu fyrir okkur hvernig vináttutengsl og dýnamík myndast á milli sleðahunda.“

Í ljósi sögunnar kveikti áhugann Hunden bakom mannen byggist á kapphlaupi Norðmannsins Roalds Amundsen og Bretans Roberts Falcon Scott á Suðurskautslandið 1911, sem endaði með því að Amundsen komst fyrstur manna á landfræðilega suðurland með hjálp hundrað grænlenkra sleðahunda.

”

Maður er búinn að fylgjast mikið með hundum og herma eftir þeim.

Hallveig Kristín Eiríksdóttir

Áhuginn kviknaði þegar þær Hallveig, Selma og dramatúrg verksins, Gígja Sara Björnsson, unnu saman að öðru verki fyrir þremur árum.

„Við vorum að hlusta á Íljósi sögunnar-þættina hennar Veru Illuga-dóttur, Kapphlaupið á suðurlandinu, þessa frábæru fjögurra þátta seríu. Við vorum svo ótrúlega inni í þessum þáttum og fannst þeir svo geggi- aðir að okkur langaði að segja þessa sögu út frá sjónarhorni hundanna, bara sem grín. Síðan urðum við svoltið helteknar af þessari hugmynd.“

Að sögn Hallveigar uppgötvuðu þær Selma bókina Roald Amundsen's Sled Dogs þar sem rithöfundurinn Mary R. Tahan kortleggur nöfn og örlög allra sleðahundanna sem fóru með í leiðangurinn á suðurlandinu út frá dagbókum Amundsen og hinna pólfaranna.

„Þar fær maður að heyra hverjir voru forystuhundar, hverjir voru vinir, hverjir voru óþekkir, hverjir hlupu hraðast, hverjir fæddu hvolpa og hvernig þeim leið. Sumir af leiðangursmönnum elskuðu þessa hunda rosalega mikið og svo fór sem fór með þá,“ segir Hallveig en hundarnir hlutu flestir grimmileg örlög sem rakin eru í sýningunni.

Hjálp frá hundasérfræðingi Hallveig og Selma urðu gjörsamlega

heillaðar af sögu sleðahundanna og hlutverkinu sem þeir spiluðu í hinu sögulega kapphlaupi Amundsen og Scotts á suðurlandinu.

„Okkur fannst svo myndin þess að það er hundunum að þakka að Amundsen komst á suðurlandinu, en þeir höfðu ekki hugmynd um hvert þeir voru að fara. Það er svo mikill sögulegur þungi í þessu en hundarnir sem voru mjög virkir þáttakendur vissu ekkert hvert þeir voru að fara eða hvers vegna.“

Hvernig fer maður að því að leika sleðahund?

„Við byrjuðum á því að skoða rosa mikið af myndböndum og svo á Selma hund. Maður er búinn að fylgjast mikið með hundum og herma eftir þeim. Við fengum mikla hjálp frá grænlenkum sleðahundasérfræðingi sem heitir Pipaluk Lykke. Síðan snerist þetta bara svoltið um að finna sinn innri hund. Gera hundalega hluti, vera á fjórum fótum, geispa lengi, hrista sig svoltið, nota eyrun til að horfa og sofa með skottið yfir trýnið,“ segir Hallveig kímín.

Sýna á stórrí hátíð í Kanada

Hallveig og Selma ætla að leggja land undir fót, eða kannski réttara sagt land undir loppu, og sýna Hunden bakom mannen á stórrí hátíð í Kanada næsta sumar þess sem þær stefna á að sýna verkið á Grænlandi 2023. Þær hafa nefnilega enn ekki náð að hitta grænlenka sleðahunda í eigin persónu.

„Þá loksins fáum við að hitta þessa hunda sem við erum að þykjast vera. Ég held að það verði bara að koma í ljós þá hvort okkur hefur tekist það eða ekki.“

Hunden bakom mannen er sýnt í Tjarnarbíói 11. og 13. apríl auk þess sem barnvæn útgáfa verksins verður flutt á hátíðinni UngA 9. apríl. ■

Skrilljón nei og eitt já

ingunnlara@frettabladid.is

Dísella Lárusdóttir, nýjasti Grammy-verðlaunahafi Íslands, segist opin fyrir því að halda fleiri tónleika hér heima en hún hefur verið í nær áratug með annan fótinn í Metropolitan-óperunni í New York. „Ég hef alltaf verið meira en mikið til í að syngja heima. Það hentar mér svo vel að vera heima með börnin þrjú.“

Hún segir óperuformið dýrt en sjúklega skemmtilegt, það þurfi marga til að setja upp eitt verk. Helst vilji hún sjá þjóðaróperu rísa á Íslandi.

„Þú þarft sviðsmynd, bún- inga, leikstjóra, dansara, kór. Þetta er dýrt listform og margt sem mætti gera betur hér á Íslandi. Ég vona svo innilega að þjóðarópera verði að veruleika.“

Dísella er reynslumikil söngkona. Hún útskrifaðist úr Söngskólanum í Reykjavík árið 2002 og fór þaðan í meistaranám við Westminster Choir College, Rider University í Princeton í Bandaríkjunum. Þaðan útskrifaðist hún í maí 2005. Síðan hefur verið nóg að gera hjá söngkonunni.



Dísella Lárusdóttir.

Spurð hvort hún hafi skilaboð til ungra söngkvenna sem eru að reyna fyrir sér í tónlistariðnaðinum segir Dísella að mikilvægast sé að halda áfram veginn.

„Þú færð skrilljón nei áður en þú færð eitt já.“

Það hefur verið ljáandi. Vertu dugleg við iðju þína og stundaðu hana af heilum hug og vertu gagnrýnin á sjálfa þig. Þessi heimur er skritinn og það er enginn regla á honum. Þú þarft að fara eftir þínum eigin reglum.“ ■

SJÖ ÆVINTÝRI UM SKÖMM

TYRFINGUR TYRFINGSSON

Farsakennd ævintýri byggð á sönnum atburðum

„Listrænn fengur á heimsmælikvarða“
Fbl, S.J.

„Stórkostlegt sjónarspil“
RÚV, EHG.

FRAMÚRSKARANDI
VINKONA
Nýjar aukasýningar!

Snarpur sýningartími!

Ást og upplýsingar

CARYL CHURCHILL

Mbl, Þ.T.

KARDE MOMMU BÆFÍNN

Ósottar pantanir seldar daglega

Mbl, Þ.T.

Umskiptingar

SIGRÚN ELDJÄRN

Allar helgar í apríl og maí

Mbl, SBH

VERTU ÚLFUR

Sýning ársins!

7 Grimuverðlaun

Fbl, S.J.

Hádegis leik húsið

Þjóð leik húsið

Fjölbreytt úrval sýninga í apríl og maí

leikhusid.is



Bakþankar



Stefán Ingvars Vígfússonar

Það skiptir engu máli

Það er búið að vopnvæða stöðugleika og gegn honum eiga prinsipp engan séns. Það skiptir engu máli hver stjórnar, það sem skiptir máli er að halda áfram, á um það bil sama hraða, sama hvað skeður. Ef fjármálaráðherra, sá sami og beitti sér til þess að þagga niður umfjöllun fjölmiðla um vafasöm viðskipti sín í aðdraganda hrunsins, verður uppvis að því að brjóta bæði sóttvarnareglur og brothætta samstöðu þjóðar, þá er best að útskýra að þetta sé erfitt mál en að sami ráðherra njóti fulls traust ríkisstjórnarinnar. Við viljum ekki stjórnarkreppu.

Ef innviðaráðherra verður uppvis að biluðum rasisma og gerir tilraun til þess að hylma yfir atvikið gagnvart fjölmiðlum, reynir að rengja aðra málsaðila, þá má segja að þessi orð séu óverjanleg. Þau eru óverjanleg, en innviðaráðherra, rammfullorðinn maður, skammast sín fyrir að hafa sagt þau. Er það ekki nóg? Hann er að læra, er það ekki nóg? Við gerum enga kröfu á manngerð þeirra sem stjórna, rasistum er velkomið að vaða uppi í ráðherrabústaðnum, svo framarlega að þeir ógni ekki stöðugleikanum. Svo framarlega að við getum haldið áfram á um það bil sama hraða. Haldið áfram ferðinni, sama hvert henni er heitið.

Ef einhver er óþægilegur, einhver innan stjórnar eða í andstöðu, þingmaður eða almennur borgari, þá er viðkomandi ógn við stöðugleikann. Það er ekki okkar að leggja mat á það hvort það sé réttmætt að rasisti sitji í ríkisstjórn, hann þarf að gera það upp við sjálfan sig. Hér er ekkert siðferði, allt má beygja og sveigja í þágu stöðugleika. Við getum engar kröfur gert á þau sem stjórna, það skiptir nefnilega engu máli hver stjórnar. ■

PARTYBÚÐIN

**Fermingar-
skraut**

Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is

PARTYBÚÐIN

AlltSaman hjá Nova

Betra net heima — og út um allt!

Eitt verð fyrir ótakmarkað net heima, í farsímana eða snjalltækin og úrið. Borgaðu minna og vertu alltaf á betra neti!

**Prófaðu
frítt í
mánuð**

Mikið



Ótakmarkað heimanet



2x farsímar með ótakmörkuðu neti



MínusÁtján fyrir krakkana



NovaTV

14.990 kr. /mán.

